VERKALÝÐS BLAÐIÐ

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

4. Tbl. 4. Árg. 1. mars - 14. mars 100 kr.

Uppsagnir á Kirkjusandi

Sjá opnu



Talað við Ara T. Guðmundsson formann EIK (m-l)

Sjá opnu

Viðbrögð borgaralegu verkalýðs flokkanna

Sjá bls.7

Útþensla sovéska flotans

Sjá bls.6



8. mars

Mætum öll á baráttu-fundinn í Tjarnarbúð!

Nú um tíma hefur 8. mars-hreyfingin starfað með því markmiði að gera 8. mars að virkum baráttudegi. 8. mars- hreyfingin er fyrsta skrefið í að búa til öfluga baráttuhreyfingu kvenna á Íslandi.

Við hvetjum allar konur til að taka virkan þátt í starfinu og mæta á fundinn í Tjarnarbúð!

- GERUM 8. MARS AÐ BARÁTTUDEGI!
- GERUM VERKALÝÐSFÉLÖGIN AÐ BARÁTTUTÆKJUM!
- DAGVISTARRÝMI FYRIR ÖLL BÖRN!
- FULLA ATVINNU - GEGN FJÖLDAUPPSÖGNUM!
- SJÁLFSÁKVÖRÐUNARRÉTT KVENNA TIL FÓSTUREYÐINGA!
- GEGN ALLRI HEIMSVALDASTEFNU!

Sjá opnu

Kjaramálaályktun EIK (m-l) og Verkalýðsblaðsins

Um þessar mundir standa yfir kjaraaðgerðir um land allt sem er miðstýrt af forystuliðum ASÍ og BSRB. Kjörorð aðgerðanna er "samninginn í gildi" sem þýðir það, að fyrir fram er ekki stefnt hærra í komandi kjarabaráttu en að neyða atvinnurekendur og ríkisvald þeirra til að standa við gerða kjarasamninga. Þetta gerist þrátt fyrir það að aðildarfélög Alþýðusambandsins hafi sagt kaupliðum samningsins lausum og geti þess vegna farið út í nýja samningsgerð algerlega óbundna kaupákvæðum "sólstöðusamningsins" frá því í fyrra, sem færði verkafólki litlar kjarabætur - og það sem þá fékkst fram er löngu upp étið og meira til. ASÍ setti fram kröfu um 100 þús.króna lágmarkslaun fyrir dagvinnu verkamanns í nóvember 1976, en nú - í febrúar 1978 er lægsta dagvinnukaup litlu hærra en þessi krafa var þá! Má af því sjá mun á orðum og æði forystuliðs ASÍ, enda hefur það margoft sannast að kokhraustar yfirlýsingar þess líkt og um þessar mundir, eru hrein sýndarmennska og aðeins gerðar í þeim tilgangi að villa um fyrir baráttufúsu verkafólki. ASÍ-páfarnir eiga allt sitt undir því að semja hagstætt fyrir atvinnurekendur.

Allsherjarverkfall er veik aðgerð og hlýtur að verða það svo lengi sem ASÍ-forystan, eða BSRB-forystan, skipuleggur það. Eigi að ná árangri í komandi kjarabaráttu verður verkafólkið sjálft að taka samnings- og verkfallsstjórn í eigin hendur og skipuleggja aðgerðir áfram. Nú ber því að safna undirskriftum og krefjast félagsfunda, þar sem kosnar skulu verkfalls- og samninganefndir og samfloti við ASÍ hafnað í samningunum.

Árangurinn er ætíð mun betri þegar félög og sérgreinasambönd semja sér, þar er t.d. hægt að benda á síðustu kjarasamninga blaðamanna, en blaðamenn hafa hafnað samfloti við ASÍ og semja beint.

EIK(m-l) settu áður á oddinn kröfu um að samið yrði upp á lágmarkskaup sem svaraði til 100 þús.kr. fyrir dagvinnu í nóv. 1976, en samningur ASÍ-forystunnar hljóðaði upp á mun lægra. Vísitala framfærslukostnaðar hefur hækkað um 45% frá nóv. 1976 til dagsins í dag og sambærileg krafa hljóðaði því upp á kr. 145 þús. kr.í lámarkskaup í dagvinnu. Þessa tölu má hafa til hliðsjónar þegar metið er hversu "framsækin" krafa ASÍ, um "samningana í gildi" er í raun! Krafa okkar er því: Krefjumst funda í stéttarfélögum, kjósum verkfalls- og samninganefndir fyrir félög og sérsambönd, höfnum ASÍ-samflotinu og leggjum til grundvallar kröfuna um 145 þús . krónur í lágmarkskaup fyrir dagvinnu í komandi samningum!

Styðjum uppbyggingu Verkalýðsblaðsins!

Söfnum milljón fyrir 1.mai giró 12200-9

VERKALÝÐS BLAÐIÐ
ANDFRÆÐIR OG KLÚÐUR ALLRA LANDA SAMEINIST!

3. landsþing EIK (m-l)

EIK(m-l) héldu III.landsþing samtakanna í febrúar. Fulltrúar deilda og starfseininga samtakanna sátu það í réttu hlutfalli við félagafjölda hverrar einingar. Ályktanir og önnur vinnuplögg þingsins höfðu flest verið lögð fram til skipulegrar umræðu í öllum samtökunum í apríl 1977.

Þingið fjallaði um skýrslu miðstjórnar EIK(m-l) um starf og stefnu samtakanna og samþykkti skýrsluna. Var í henni sett fram kjörorð um stofnun kommúnistaflokks Ísl. verkalýðssinna og annarrar alþýðu fyrir árslok 1979.

Þingið afgreiddi drög að grundvallarstefnuskrá flokksins til lokaumræðu innan EIK-(m-l). Þá voru samþykkt til nefndar og lokaumræðu ný starfslög EIK(m-l) sem taka gildi með birtingu. Einnig var gengið frá áætlun um starf samtakanna að lokaskrefinu til flokksstofnunnar.

III.landsþingi EIK(m-l) bárust kveðjur víða að úr heiminum m.a. frá öllum Norðurlöndunum, Canada og Bandaríkjunum. Samþykkt var stutt kveðja til erlendra systur-hreyfinga og flokka EIK(m-l), ásamt áskorun frá þinginu til Ísl.alþýðu (sjá 3.tbl.Vbl.) og ályktun um komandi alþingiskosningar (sjá 3. tbl.Vbl.)

Þingið kaus nýja miðstjórn EIK(m-l) og er formaður Ari T.Guðmundsson en varaformaður Sumarliði R. Ísleifsson.

III.landsþingið er mikilvægur áfangi hinnar kommúnísku hreyfingar og staðfestir hraða framþróun hennar og árangur.

Til alþingiskosninga

Í 3.tbl. VERKALÝÐSBLAÐSINS var birt ályktun III.landsþings EIK(m-l) um alþingiskosningarnar. Þar segir að EIK(m-l) bjóði ekki fram til kosninga að þessu sinni, heldur taki virkan þátt í kosningabaráttunni með því að vinna ötullega að því að sem flestir skili auðu á kjördegi og sýni með því afstöðu gegn borgaralegu flokkunum og fylgi við baráttustefnu, fjöldastarf og sósíalismann.

Kjörorð EIK(m-l) eru:
-- Snúið baki við þingsalaflokkunum - skilið auðu í kosningunum!
-- Fram til stéttabaráttu - takið þátt í smíði kommúnistaflokksins!
-- Til baráttu fyrir sósíalísku Íslandi!
Gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum!
Gegn erlendri ásælni - gegn báðum risaveldunum, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum!

Í kosningabaráttunni eru verkefni félaga EIK(m-l), stuðningsmanna og baráttusinna annarra þessi:

1. Tengja ber markmið samfylkingar baráttunnar 8.mars og 1.maí við sjálfar alþingiskosningarnar í áróðursstarfi EIK(m-l) þar eð núverandi stjórnmálaflokkar eru óhæfir til baráttu fyrir málum samfylkinganna.
2. Þátttaka í upplýsinga - og áróðursstarfi sem gerir kjósendum ljósa nauðsyn þess að skila auðu nú en sitja ekki heima eða "kjósa" einhvern kost skárstan". Sala VERKALÝÐBLAÐSINS, dreifing dreifirita og þátttaka í baráttufundum sem verða skipulagðir að einhverju marki í apríl og maí eru liðir í starfinu.
3. Persónuleg hvatning og rökræður við vini, skólafélaga, vinnufélaga o.s.frv. er ein mikilvægasta leiðin til þess að gera kjörorð EIK(m-l) að sameign margra.

Sameinumst til baráttu fyrir því að snúa óánægju og baráttuhug vinnandi fólks upp í mótmælaaðgerð gegn auðvaldsþjóðfélaginu og til hvatningar enn skipulegri fjöldabaráttu og baráttu fyrir nýjum forystuflokki verkalýðs og sósíalísku Íslandi.

Fram að 8. mars

Lokaspretturinn að baráttufundinum 8.mars er framundan. Baráttufundurinn í Tjarnarbúð í Rvk. verður án efa öflugur. En fjöldi fundarmanna og fundarhöldin eru undir góðum undirbúningi komin.

Félagar, stuðningsfólk, baráttusinnar - notið síðustu starfsvikuna til átaks! Sala merkja, auglýsingastarf, undirskriftasöfnun og fundarundirbúningur - allt eru þetta verkefni til úrlausnar.

GERUM 8.MARS AÐ BARÁTTUDEGI!

Framkvæmdarstjórn miðstjórnar.

Spurningar til „KFI/ml"

Vegna skrifa "Stéttabaráttunnar", málgagns "KFÍ/ML" að undanförnu vill Verkalýðsblaðið spyrja eftirfarandi spurninga:

1. Hvert er mat "KFÍ/ML" á Rauðsokkum?
2. Telur "KFÍ/ML" verkalýðsmálahóp Rauðsokka vera framsækinn samfylkingaraðila í kvennabaráttunni?
3. Telur "KFÍ/ML" samstarf sitt við trotskíista og ýmsa aðra endurskoðunarsinna í Rauðsokkum (og víðar) vera "samfylkingarstarf"?
4. Telur "KFÍ/ML" samstarf sitt við þessa aðila mikilvægara en uppbyggingu öflugrar og varanlegrar fjöldabaráttuhreyfingar á grundvelli stéttstéttabaráttu og baráttu gegn allri heimsvaldastefnu?
5. Starfa "KFÍ/ML"-félagar í 8.mars-hreyfingunni þar í óþökk "flokksins", eða af öðrum orsökum?

Sambandi við KPD/ML slitið

EIK(m-l) hafa með bréfi nú nýverið slitið öllum samskiptum við Kommúnistaflokk Þýskalands ML, KPD/ML, en þau voru upp tekin á árinu 1976. Í bréfi EIK(m-l) segir m.a., að komið hafi í ljós í viðræðum milli samtakanna og af opinberum yfirlýsingum KPD/ML að flokkurinn standi að hörðum árásum á marx-lenínísmann - kenningar Mao Tsetungs. Meðal annars hefur flokkur þessi ráðist með heift á "kenninguna um þrjá heima", sem mótuð er af fyrri frumkvöðlum marx-lenínísmans en þróuð áfram af Maó Tsetung og kínverskum kommúnistum. Núverandi forystulið kínverskra kommúnista stimplar KPD/ML sem "gagnbyltingarsinna", Mao Tsetung kallar flokkurinn "brautryðjanda endurskoðunarstefnu af nýrri gerð" og svo mætti lengi telja. EIK(m-l) líta á KPD/ML sem "vinstri" róttækan hentistefnuflokk og munu engin samskipti við hann hafa framvegis, að öllu óbreyttu.



Alls hafa safnast 68 áskriftir

Til þess að ná markinu verðum við að standa okkur betur. Það kostar sameiginlegt átak allra stuðningsmanna og velunnara Verkalýðsblaðsins að gera það fjárhagslega sjálfstætt og þar með styrkja grundvöll marx - leníníska blaðs sem er beitt vopn alþýðunnar í stéttabaráttunni.

Bjóðið áskrift þegar þið seljið blaðið.

Bjóðið vinum og kunningjum áskrift.

335 þúsund hafa safnast í prentsöfnunina og eins og sja má á súlunni þá verðum við að gera enn betur til að ná markinu 1 milljón fyrir 1 maí. Nú verða allir að leggjast á eitt og taka virkan þátt í söfnuninni. Biðjið vini og kunningja, vinnufelaga, ættingja og fleiri að gefa í prentsöfnunina og stuðla þannig að uppbyggingu Verkalýðsblaðsin



Úrklippan er úr Morgunblaðinu en launaseðillinn var fenginn að láni hjá verkakonu sem vinnur hálfan daginn í fiskiðjuveri í Reykjavík. Útborguð laun fyrir vikuna eru kr.12.570 og duga 5 manna fjölskyldu til matar laugardag og sunnudag ásamt afþreyingu fyrir börnin. "Við höfum aldrei haft það svona gott" - segir helsta málgagn burgeisastéttarinnar en ASÍ og Verkamannasambandsstjórnin "fagna sigri í kjarabaráttunni með síðustu samningum".

Það er gott að andstæðingar verkalýðs og annarrar alþýðu séu sammála um þvættinginn.

Verkalýðsfréttaritari.

Yfirhershöfðingi sjóhers Sovétríkjanna:
Höfum loks eignast sjóher sem fullnægt getur ýtrustu kröfum
Moskva, 7. feb. Reuter.
SOVÉTRÍKIN hafa loks nú eignast sjóher sem fullnægi getur ýtrustu kröfum, segir Sergei Gorshkov aðmíráll, yfirhershöfðingi sjóhers Sovétríkjanna, í grein í Red Star, daglegu málgagni varnarmálaráðuneytis landsins. I grein sinni var Gorshkov bjartsýnn í skrifum og sagði að sérstaklega væri kafbátaflotinn öflugur.
„Land okkar hefur yfir öflugum sjóher að ráða, sjóher sem er fær um að vernda hagsmuni Sovétríkjanna á heimshöfunum." segir Gorshkov í grein sinni.
Gorshkov segir að kafbátafloti Sovétríkjanna hafi efist mjög með tilkomu kjarnorku, vegna framfara í fjarskiptatækni, með tölvutækni og með þróun eldflauga. Sagði hann kafbátaflota Sovétríkjanna færan um að sinna margs konar kröfum nútímahernaðar hvar sem væri á heimshöfunum.

Meðfylgjandi úrklippu tók ég úr Morgunblaðinu 8. feb. Hún segir sína sögu skýrt - Sovétríkin éru í dag gráðugt risaveldi, sem keppir um yfirráð hvarvetna í heiminum. Sergei Gorshkov segir í fréttinni að nú ráði þeir yfir sjóher sem sé fær um að "vernda hagsmuni Sovétríkjanna á heimshöfunum" - "hvar sem væri". Hverjir eru hagsmunir Sovétríkjanna? Og hver er tilgangur þess að geta teygt veldi sitt um öll heimsins höf? Svari hver fyrir sig.

Lesandi í Kópavogi.

Samtíningur


"Til að forða því að ágreiningur verði í félaginu um fulltrúa þess á næsta þing VMSÍ, viljum við undirritaðir verkamenn leyfa okkur að stinga upp á eftirtöldum mönnum á lista stjórnarinnar:
Guðmundur Þorsteinsson
Benedikt Kristjánsson
Sigurður Jón Ólafsson
Það er von okkar sem undir þetta skrifa að stjórn félagsins taki þessa ábendingu til greina að öðrum kosti verður um tvo lista að ræða á þeim félagsfundi sem ákvörðun tekur í þessu máli."

Neisti, málgagn trotskíistanna í Fylkingunni, hefur birt bréf sem Sigurður Jón Ólafsson og Benedikt Kristjánsson (félagar í "KFÍ/ML" og aðalmenn hins dæmalausa mótframboðs í Dagsbrún) skrifuðu til Eðvarðs Sigurðssonar og Guðmundar J. til að snúa sæti á verkamannasambandsþingi. Bréfið er kostulegt dæmi um hversu djúpt þessi svokallaði kommúnistaflokkur er sokkinn. Þeir vilja forða ágreiningi um kosningar til þingsins - en koma stuttu seinna með heilt framboð gegn bandamönnum sínum Eðvarð og Guðmundi. Það, að vilja forðast ágreining við stéttasamvinnumenn eins og Eðvarð og Guðmund segir sína sögu, en að rjúka svo í framboð gegn þeim og láta skjóta allt í kaf vegna vanbúnaðar tekur svo út fyrir allan þjófabálk að jafnvel Neista ofbýður; eru þeir þó engir nýliðar í hentistefnu og bræðingi við Alþýðubandalagið og stéttasamvinnustjórn ASÍ!

En bréf "KFÍ/ML" til forystu Dagsbrúnar gætu orðið upphafið að skemmtilegum bréfaskiptum. Við getum ekki stillt okkur um að geta upp á upphafi næsta bréfs - sem yrði líklega svona:

"Til að forða því að ágreiningur verði í félaginu um næstu kosningu í stjórn þess viljum við ..."

Samtíningur hefur nú fengið stimpilinn frá litla hópnum sem ber hið stolta nafn Kommúnistaflokkur Íslands m-l. Í Stéttabaráttunni, málgagni flokksins er Samtíningur sagður "háborgaralegur slúðurdálkur" fyrir það eitt að segja frá hugmyndum Kristjáns Guðlaugssonar um kosningabandalag við prófessor Bjarna Guðnason. En við látum ekki segjast - við höfum heimildir úr fleiri en einni átt. M.a. segir í innanflokksblaði flokksins um væntanlegt kosningabandalag flokksins: "Í bandalag með þessu sniði er auðvitað nauðsynlegt að fá einhverja nokkuð þekkta einstaklinga...". Nú er spurningin hverjir þessir þekktu einstaklingar eru sem flokkurinn hugðist reyna að fá í framboðsbröltið með sér? Við vitum að Bjarni Guðna var einn þeirra, en hverjir eru hinir. Nöfnin á borðið!

Leiðrétting

Í leiðara 2.tbl. Verkalýðsblaðsins stendur að III.landsþing EIK(m-l) samþykki starfsáætlun til lokaskrefa við flokksbygginguna. Hér á að standa flokksstofnunar, en ekki flokksbyggingar. Sjálf flokksbyggingin tekur ekki enda við flokksstofnun - hún er verkefni kommúnistaflokksins - aukin tengsl við framsæknasta hluta verkalýðsins - í alllangan tíma eftir stofnun hans. Í 4. grein um landsfund Alþýðubandalagsins hefur fallið úr ein setning í upptalningu á skiptingu miðstjórnar AB (3.tbl.). Setningin sem vantar er svona: "5 vinnandi verkamenn eða um 11% miðstjórnar".

Verkalýðsblaðið biður lesendur velvirðingar á þessum mistökum.

gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum

Stéttabaráttan er leið verkalýðsins

Íslenska borgarastétt dreymir opinberlega um stéttafrið, þ.e. frið til þess að geta arðrænt verkalýðsstéttina sem mest. Slíkur "friður" verður aldrei í stéttskiptu þjóðfélagi, stéttabaráttan brýst ætíð fram í mörgum formum - því kúgun leiðir af sér baráttu gegn henni. Þetta eru sannindi sem enginn fær umflúið.

"Friðar"hugmyndir borgarastéttarinnar eru því í kjarna sínum draumurinn um algjöra undirokun verkalýðsins sem þá léti af allri baráttu og hlýðinn togaði áfram gróðavagn burgeisanna. En postular stéttafriðarinns eru ótrúlega herskáir - þeir bæði beita hótunum og freista þess að ná þrælatökum á þeim sem friðarinns skulu njóta til hálfs. Dæmin um slíkt eru stöðugar hótanir um aukna verðbólgu, álögur og réttindasviptingu sem næstum daglega má lesa á síðum íslenskra dagblaða þegar þau fjalla um kjarabaráttu verkalýðsins. Samtímis er brugðið á loft lagakrókum sem eiga að takmarka getu verkalýðshreyfingarinnar til þess að ná fram kjarabótum félögum sínum til handa. Bestum árangri við arðrán sitt nær auðvaldið þegar að henni hefur tekist að innræta stórum hluta verkalýðsins og annarrar alþýðu að borgaralegt lýðræði sé hið fullkomna þjóðfélagsform. Þess vegna er mikið lagt í þá innrætingu sem m.a. felur í sér þá lygi að ríkisvaldið sé ofar stéttum - óháð. Í lengstu lög er reynt að halda því fram að til sé sameiginlegur hagur borgarastéttar og verkalýðs - "þjóðarheimilinu" er att fram. En eins og allar aðrar blekkingar þá eiga þær oft erfitt uppdráttar, því staðreyndir eru harðar í horn að taka. Þegar svo er komið að borgarastéttin finnur að vagn hennar er ekki dreginn áfram möglunarlaust þá reynir hún að stemma stigu við baráttu verkalýðsins fyrir bættum kjörum með lagafyrimælum. Samtímis eflir hún ríkisvaldið, kúgunartæki sem beitt er gegn verkalýðnum. Við það springur blaðran og stéttaeðli ríkisvaldsins blasir við.

Slík þróun á sér nú stað hér á landi.

Eitt af kjörorðum Sjálfstæðisflokksins er - stétt með stétt - (reyndar var það aðalkjörorð íslenskra nasista). En hættulegustu boðendur þessa kjörorðs er ekki að finna í Sjálfstæðisflokknum þótt ótrúlegt sé, heldur eru það kratar (sósíaldemókratar) bæði í Alþýðuflokknum og Alþýðubandalaginu. Tilverugrundvöllur þessara flokka er sá að verkalýðurinn eigi að deila búi með auðvaldinu - baráttan skuli snúast um umbætur og sæti í ríkisstjórnum. Bæði Benedikt Gröndal (form. Alþýðuflokksins) og Lúðvík Jósefsson (form. Alþýðubandalagsins) hafa lýst því yfir í umræðunum um efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar undanfarið að gera skuli stétta-sáttmála - og sífelldar yfirlýsingar þeirra um að "landinu verði ekki stjórnað nema í samráði við verkalýðshreyfinguna" þýðir ekkert annað en að Alþýðuflokkurinn og Alþýðubandalagið skuli eiga sæti í ríkisstjórnum. Þeir bjóða sig fram til þess að aðstoða við að framkvæma "efnahagsráðstafanir" í stíl við þær sem "vinstri"stjórnin gerði á sínum tíma og þær sem ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar framkvæmir nú. Því að auðvaldsþjóðfélagið hefur ekkert annað að bjóða verkalýðnum - þótt Lúðvík sitji í ríkisstjórn.

Kaupgjaldsbaráttan í kjörklefann
— Ríkisstjórni ... um kaup og
Verður ríkisstj. virkur aðili að kjarasamningum?

Gunnar Thoroddsen félagsmálaráðherra hefur látið útbúa tillögu um nýja vinnumálalöggjöf - tillagan miðar að því að skerða réttindi verkalýðsfélaganna.

Tvö meginatriði eru í tillögunni: 1. Stórauka á umsvif sáttasemjara ríkisins og þátttöku ríkisvaldsins í kjarasamningum og allri starfsemi verkalýðsfélaga. 2. Auka á miðstýringu verkalýðshreyfingarinnar með því að gera ASÍ að miðstöð allra samninga auk þess sem sjálfstæði einstakra félaga verður skert.

Enn sem komið er hefur Gunnar Thoroddsen ekki lagt í að leggja frumvarpið fyrir Alþingi, en það þýðir ekki að borgarastéttin hafi hætt við að skerða lýðréttindi verkafólks. Nýlega kom fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar (sjá úrklippu) þar sem lagt er til að ríkisvaldið auki umsvif sín og "sé á hverjum tíma virkur aðili að heildarkjarasamningi um kaup og kjör í landinu ásamt aðilum vinnumarkaðarins." Hér er enn komið inn á óskalista atvinnurekenda um heildarkjarasamninga sem hafa það í för með sér að allir kjarasamningar eru settir í "einn pott" (líkt og þróunin hefur verið með samflot ASÍ) samkvæmt lögum. Stutt er þaðan í annað atriði á óskalista Vinnuveitendasambandsins: að heildarkjarasamningar séu gerðir um allar kauphækkanir í landinu sem séu miðaðar við útreikninga "Þjóðhagsstofnunar." "Þjóðhagsstofnun" segir að "þjóðarbúið þoli t.d. 8% kauphækkun og þá verður bannað að hækka kaup meira en 8%.

SMÁ...

Bresk verkalýðsstétt barðist á árinu 1977 harðara en í langan tíma áður við atvinnuleysisvofuna og fyrir hærri launum. Verkföll voru bæði tíðari og lengri en áður, og náðu til verkalýðs í fjölmörgum atvinnugreinum.

Tíu fyrstu mánuði ársins voru 23o9 verkföll í Bretlandi, eða 14 prósent fleiri en allt árið 1976.

Þau verkföll sem voru til að hækka laun voru 1316, eða 44o fleiri en árið áður.

Verkföll náðu til verkafólks í bílaiðnaði, verksmiðjum, flugiðnaði, matvöruiðnaði og prentiðnaði. Auk þess voru verkföll í rafveitum landsins, skólakerfi og stjórnkerfi, og í opinberri þjónustu.

(skv. Hsínhúa-fréttastofunni)

Kór

Fréttatilkynning frá Kór Alþýðumenningar (samþ. á æfingu 19/2 1978)

Kór Alþýðumenningar lýsir yfir andstöðu sinni við ólög þau,sem ríkisvaldið og atvinnurekendur hafa samþykkt á Alþingi gegn verkafólki og launafólki almennt.

Lýsir kór Alþýðumenningar yfir stuðningi við verkafólk í þeim átökum, sem nú eru óhjákvæmileg og er reiðubúinn að koma fram á fundum verkafólks í komandi átökum til stuðnings baráttu þess.

Kórinn vill vara við að barátta þessi verði færð inn í sali Alþingis og hvetur verkafólk til að vera á verði gegn undanslætti verkalýðsforystunnar og treysta á eigin baráttu í komandi átökum.

Hafið samband í síma: 22823.

Félagsfundur í Sókn: Svikastefna í framkvæmd

16. feb. sl. var haldinn aðalfundur Starfstúlknafélagsins Sóknar, aðalfundur, sem kannski var ekki merkilegur sem slíkur vegna þess að hvorki voru lagðir fram reikningar né skýrsla stjórnar - heldur fyrir umræður um væntanleg kjaraátök. Á fundinum lagði forysta félagsins fram sömu stefnu og trónað hefur á forsíðum stjórnarandstöðublaðanna undanfarið - lýðskrum og yfirborðsróttækni.

Hvað býr að baki?

Ef trúa má orðum þjóðviljans og annarra málpípa af sama tagi stefnir verkalýðshreyfingin í baráttu - meiri en nokkru sinni. Samstaða verkalýðshreyfingarinnar er algjör, ASÍ, BSRB og Farmanna- og fiskimannasambandið ætla eftir öllum sólarmerkjum að dæma að ganga í eina sæng saman 1. mars næstkomandi. Óðagotið á forystu hreyfingarinnar er svo mikið að ekki er einu sinni tími til að bíða eftir því að samningarnir renni út með lögmætum hætti 1.apríl, heldur á að stefna öllum í ólöglegt "enginnveithvað" 1.mars Batnandi mönnum er best að lifa! Ekki er liðið ár síðan ASÍ-forystan tók lífinu með ró, dró samningamakkið sl. vor á langinn í einn og hálfan mánuð og ver það, auk þess sem aðgerðir hreyfingarinnar til að knýja á eftir voru áhrifalitlar og máttlausar. Niðurstaða skrípaleiksins voru hin verstu svik við kjörorð baráttunnar. Lægstu laun í dag verða að hækka um 40% (upp í 140 þús.kr) til að ná kaupmætti 100. þús. kr. í nóv. '76.

En nú á að beita öðrum aðferðum, eða hvað? Þegar þetta er skrifað 19.feb. hefur enn ekki heyrst hósti eða stuna um hvað þetta "enginnveithvað" 1.mars verður. Á fyrrnefndum félagsfundi í Sókn tókst formanni félagsins að tala um baráttu og aðgerðir lengi og mikið án þess að minnast á,hvað á að gera. Í málflutningi sínum sneyddi hún vandlega hjá því að allar meiriháttar aðgerðir (í formi verkfalla eða þ.h.) fyrir 1.apríl verða ólöglegar. Ólöglegar aðgerðir krefjast undirbúnings, umræðu og virkrar samstöðu verkalýðsstéttarinnar. Ekkert af þessu er fyrir hendi. Áróður stéttasamvinnuforystunnar er lýðskrum eitt í þeim eina tilgangi að verða kosningabomba fyrir stjórnarandstöðuna - og brjóta niður andstöðu verkafólks innan frá. Lýðsskrumarar þessir eru því hættulegustu óvinir verkalýðsins.

Samstaða - samstaða hverra?

Aldrei hefur verið rætt meira um samstöðu en einmitt nú. Nú á að sameina ASÍ, BSRB og FFSÍ gegn vísitöluskerðingu ríkisvaldsins. En samstaða hverra er þetta? Er þetta samstaða verkafólks innan þessara landssambanda eða er þetta samstaða fárra forystumanna sem fyrir löngu eru slitnir úr tengslum við vinnandi fólk?

Það samflot sem nú er verið að undirbúa er hið stærsta sem um getur. Allt kapp er lagt á að útrýma endanlega þeim sjálfsögðu lýðréttindum sem okkur eru veitt samkvæmt núverandi vinnumálalöggjöf að samningsrétturinn er í höndum verkalýðsfélaganna sjálfra. Það eru þau sem eiga að skipuleggja baráttuna, ræða aðferðir og semja um kaup og kjör. Þess í stað á að koma á samfloti fárra forystumanna ASÍ, BSRB og FFSÍ.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir formaður Sóknar.

Á fundi Sóknar 16. feb. kom fram eftirfarandi tillaga:

"Aðalfundur Starfsmannafélagsins Sóknar samþykkir að:
1. Næsti fundur félagsins verði haldinn í síðasta lagi 25. feb. n.k.
2. Efni fundarins verði a) umræða um baráttuaðferðir,
b) kosning samninganefndar,
c) verkfallsheimild til stjórnar.
3. Samninganefnd félagsins semji ein fyrir hönd félagsins."

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður félagsins, lýsti því yfir að tillagan væri markleysa ein. Ekki kæmi til greina að kjósa eigin samninganefnd þar sem félagið segði aðeins upp kaupliðum kjarasamningsins. Á þessum forsendum barði hún í gegn frávísun á tillöguna eftir tvær atkvæðagreiðslur.

Hvílík fölsun á rétti vinnandi fólks! Hér lýsir Aðalheiður því yfir að einstök verkalýðsfélög hafi ekki rétt til að semja sjálf um launakjör. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, ein af forkólfum óróleguu deildarinnar, yfirlýst sem hluti af róttækari armi verkalýðshreyfingarinnar, er farin að starfa skv. vinnumálalöggjöf sem ekki hefur enn verið afgreidd af þingi, skv. vinnumálalöggjöf sem öll verkalýðsfélög landsins hafa mótmælt vegna þess að hún skerðir stórlega öll lýðréttindi vinnandi fólks. Formaður Sóknar er ekki ein um að starfa skv. frumvarpi að nýrri vinnumálalöggjöf - öll forysta verkalýðshreyfingarinnar - öll málgögn stjórnarandstöðunnar vinna að því markvisst að gera frumvarpið að raunveruleika. Samflot ASÍ, BSRB og FFSÍ er ekki annað en framkvæmd þeirrar stefnu forystunnar að taka samningsvaldið úr höndum félaganna.

Lýðræði og samstaða

"En" hrópa nú stéttasamvinnupáfarnir hver öðrum hærra -"það verður að vera samstaða innan verkalýðshreyfingarinnar, félögin mega ekki vinna á móti hverju öðru!" Mikið rétt, en samstaða um hvað spyrjum við aftur? Hvernig hefur verklýðsforystan byggt upp núverandi samstöðu? Fyrst var haldinn "óformlegur fundur" formanna landssambandanna, eins og Þjóðviljinn orðaði það (m.ö.o. klíkufundur), næst þinguðu formenn stéttarfélaganna í 2 daga - þá fyrst var tími til kominn að halda stéttarfélagsfundi.

Á þeim fundum er samningum sagt upp frá og með 1.mars - hvað þá tekur við og hverjar baráttuaðferðirnar verða er einkamál forystunnar. Nei, slíka samstöðu viljum við ekki hafa, samstöðu sem byggir á einræði, en ekki lýðræði, stéttasamvinnu en ekki stéttabaráttu. Við viljum lýðræðislega samstöðu verkafólks um baráttustefnu.

Baráttusinnar í verkalýðshreyfingunni! Gegn þessu verðum við að berjast. Það verður að mynda andstöðulið í verkalýðsfélögunum, sem berst harðri baráttu gegn stéttasamvinnustefnu forkólfanna. Takmark baráttunnar getur aðeins verið að gera verkalýðsfélögin að virkum baráttutækjum verkafólks.

Verkalýðsfréttaritari.

OKKUR VANTAR HÚSNÆÐI!

Verkalýðsblaðið vantar húsnæði nálægt miðbæ í Rvk. - 2ja herbergja ca.4o-5o fermetra.

Látið vita í pósthólf 268 Kópavogi eða í Októberbúðina Óðinsgötu 3o.R.

gerist áskrifendur

Heyjum kvennabaráttu á grundvelli stéttabaráttunnar

Hagsmunir verkakvenna verða að vera leiðandi í kvennabaráttunni

Borgarastéttin byggir völd sín á kúgun verkafólksins, kvenna jafnt sem karla. Því er það sameiginlegir hagsmunir kvenna og karla af verkalýðsstétt að berjast gegn borgarastéttinni og fyrir alræði öreiganna. Aðeins með afnámi auðvaldsskipulagsins öðlast konur frelsi og því er það auðvaldsskipulagið sem er andstæðingurinn, ekki karlar.

Hagsmunir verkakvenna, þ.e. afnám auðvaldsskipulagsins, verða því að vera leiðandi í kvennabaráttunni, því þær ásamt verkamönnum standa í mestri mótsögn við borgarastéttina.

Hagsmunir kvenna úr borgarastétt eru að viðhalda völdum stéttari sinnar og auðvaldsskipulaginu og ná jafnrétti á við karla í sinni stétt. Þessi borgaralega lína í kvennabaráttunni setur allar konur undir sama hatt án tillits til hvaða stétt þær tilheyra.

Það er markmið borgarastéttarinnar og tryggir henni völd að menn og konur í verkalýðsstétt beini baráttunni gegn kerfinu innan sinnar stéttar, slík barátta ógnar ekki völdum borgarastéttarinnar og leiðir því augljóslega ekki til frelsunar kvenna.

Kvennabaráttan verður að beina spjótum sínum gegn kúgurunum, borgarastéttinni, og er þannig hluti af baráttu verkalýðsstétt arinnar gegn sameiginlegum óvini og er því háð á grundvelli stéttabaráttu.

Berjumst gegn línu borgaranna í kvennabaráttunni!

8. mars: Rauðsokkar og sovétvinir saman

Fimm konur úr Rauðsokkahreyfingunni hafa nú um skeið séð um skrif á jafnréttissíðu þjóðviljans. Sú síða er óopinber síða Rauðsokkahreyfingarinnar og túlkar þá væntanlega skoðanir innan hennar. Þar hefur margt verið skrifað sem spegla borgaraleg viðhorf hreyfingarinnar.

Á jafnréttissíðunni þ. 11. feb. 1978 kemur fram að Rsh. ætlar að gera 8. mars að baráttudegi í samvinnu við MFÍK. MFÍK styður opinberlega sovétheimsvaldsastefnuna og samþykkir kúgun og undirokun Sovétríkjanna á stórum hluta alþýðu heimsins.

Í "Baráttumálum" Rauðsokkahreyfingarinnar er hvergi að finna að hreyfingin berjist gegn heimsvaldastefnu risaveldanna. En með því að samfylkja með MFÍK þá lýsir Rauðsokkahreyfingin yfir sáttfýsi og jafnvel stuðningi við sovétheimsvaldastefnuna.

Á sömu síðu segjast Rauðsokkar hafa skellt upp úr þegar þær fengu dreifibréf frumkvæðisnefndar 8. mars hreyfingarinnar. Í grein þ.þv. stendur orðrétt:

"Þar segist nefndin hreint ekki geta hugsað sér að vinna með rauðsokkum. Rauðsokkahreyfingin sé alveg rosalega borgaraleg sem sést best á því að hún - ræðst gegn karlmönnum, barneignum (þeirra) og fjölskyldunni."

Í dreifibréfi frumkvæðisnefndar 8. mars stendur: "Þegar minnst er á kvennabaráttu dettur flestum í hug Rauðsokkahreyfingin og kjörorð sem beinast gegn körlum, gegn heimilinu og gegn barneignum. Árðður sem þessi er einkennandi fyrir þá hreyfingu þótt svo þar hafi einnig starfað margar baráttukonur."

Á stofnfundi 8. mars hreyfingarinnar var Rauðsokkum boðið að taka þátt í 8. mars starfinu, en formlegt samstarf við Rauðsokkahreyfinguna var ekki ráðlagt, vegna þess að hreyfingin hefur enga ákveðna stefnu.

Það er augljóst að allir sem geta samþykkt grundvöll 8. mars hreyfingarinnar geta tekið þátt í starfinu.

Eins er það augljóst að Rauðsokkahreyfingin hefur enga stefnu og getur því ekki tekið afstöðu sem heild. Í Rauðsokkahreyfingunni starfa sjálfstæðir hópar og þurfa ekki að hafa sömu skoðanir á kvennabaráttunni og vinna því oft hver gegn öðrum, fyrir utan það að engir hópar hafa verið virkir undanfarið nema verkalýðsmálahópur.

Málgagn Rsh. "Forvitin Rauð" speglar væntanlega línur innan Rsh. Þar er m.a. hægt að sjá að þjóðfélagið sem við búum í er "karlaþjóðfélag" og "konur verða að standa saman án tillits til stétta."

Svo hefur hreyfingin um leið að vígorði að kvennabaráttu sé stéttabaráttu! Engin framsækin kvennabarátta getur þróast í hinu "frjálsa" skipulagi Rauðsokkahreyfingarinnar og borgaralegar stefnur eru ríkjandi innan hennar.

Viðtal við formann EIK(m-l)

III.landsþing EIK(m-l) var nýlega haldið og í tilefni þess bað Vbl. nýkjörinn formann samtakanna, Ara T.Guðmundsson, að meta stuttlega þann tíma í sögu samtakanna sem liðinn er frá II. landsþingi 1976.

- Við stofnun EIK (m-l) byrjuðu samtökin að smíða eðlisþætti kommúnistaflokks, sem eru þeir helstir að setja fram starfhæfa stefnu byggða á marx-leninisma, koma á baráttuhæfu innra skipulagi og ná tengslum við framsæknasta hluta verkalýðsstéttarinnar. Ein ásalhindr unin þá var tilvist KSML, samtaka sem gerðu tilkall til að heita marx-leninisk samtök, en sem í raun byggðu ekki á verkalýðssinnaðri stefnu. Til þess að gera EIK(m-l) kleift að uppfylla skilyrði flokks við stofn un var mikilvægt að vinna pólitíska sigur yfir KSML, einangra trotskista Fylkingarinnar og undirbúa störsókn á hendur Alþýðubandalagsins. Því var megintilgangur II.landsþingsins fólginn í stefnumörkun gegn henti- og endurskoðunarstefnu, auk stefnumörkunar varðandi bróun flokksbyggingarsamtakanna. II.þingið afgreiddi ályktun þar sem EIK(m-l) tóku afstöðu til boðs KSML um flokksstofnun, þar sem krafist var grundvallareiningar í heilstu innri og ytri málum og því slegið föstu að flokksstofnun gæti aðeins orðið með því að fyrrgreindir eðlisþættir væru orðnir að veruleika. EIK(m-l) setti fram sameiningargrundvöll kommunista sumarið 1976, en KSML/"KFIML" hvorki hefur getað né viljað svara honum á einn eða annan hátt. Stefnuföst barátta EIK(m-l) hefur svo leitt til þess að þessi "flokkur" hefur klofnað fjórum sinnum og bróðurpartur kommúnistanna gengið í EIK(m-l). Því má slá föstu að "KFÍ/ML" er sigraður pólitískt og á ekkert fyrir sér nema kistulagninguna sjálfa. En samtímis tókst á II.þinginu að hefja baráttu gegn pólitískum villum, fyrst og fremst starfræum Samtökin ætluðu sér of mikið. Rétt áhersluskipan og markviss uppbygging Verkalýðsblaðsins, svo og sigur yfir hluta endurskoðunarstefnunnar hafa nú haft í för með sér að skipulagning fjöldabaráttu og tengsl við verkafólk hafa eflst mjög.

- Nú er því slegið föstu í ályktunum þingsins að kommúnistaflokkurinn skuli stofnaður fyrir árslok 1979. Hvers vegna ?

ADSTÆÐURNAR KALLA Á KOMMÚNISTAFLOKK

-Það er augljóst að hvorki lítill hópur manna getur kallað sig kommúnistaflokk, né ber að bíða eftir því að pólitísk samtök á borð við EIK(m-l) séu orðin leiðandi á öllum sviðum stétt abaráttunnar Stofndagur flokks er háður ytri sem innri skilyrðum Varðandi innri skilyrði þá hafa EIK(m-l) í höfuðatriðum náð að smíða baráttustefnu í sam ræmi við marx-leninismann. Skipulagið er í höfuðatriðum nýtilegt. Tekist hefur að sameina kommúnista í ein samtök. Nú vantar þannig betri tengsl við verkalýð og alþýðu og inn í verkalýðshreyfinguna að öðru leyti. Ytri skilyrða er annars að leita í þróun stéttabaráttunnar, en hins vegar í þróun alþjóðamála. Ísl. auðvald er á fallanda fæti og herðir allar skrúfur á vinnandi fólki. Til þess að samþætta pólitíska, efnahagslega og menningarlega baráttu þarf verkalýður og alþýða eigin stjórnmálaflokk. Í stéttabaráttunni nú afhjúpa borgaralegu verkalýðsflokkarnir sig æ betur, þ.e. Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag. Þróun alþjóðamála sýnir svipaða tilhneigingu og hér innanlands : kreppan dýpkar, heimsveldin bítast harðar og verkalýður, und irokaðar þjóðir og alþýða rís æ oftar upp. Ástandinu má að mörgu leyti líkja við ástandið fyrir II.heimsstyrjöldina. Á sama hátt og þá hefur vinnandi fólk þörf fyrir forystuafl í baráttunni gegn erlendri ásælni í aðsteðjandi styrjöld og þá sérstaklega ef annað hvort risaveldið hernemur landið. Eftir mat á stöðu EIK(m-l) og gangi stjórnmála síð III.þingið því föstu að unnt væri og nauðsynlegt að stofna kommúnistaflokk innan tveggja ára.

- Hver eru þá helstu verkefnin framundan ?

SAMFYLKINGARSTARFIÐ MIKILVÆGT

- EIK(m-l) telja undirstöðu allrar þátttöku samtakanna í stéttabaráttunni vera styrka inn viði. Aukið fræðslustarf í þjóð félagsvísindum verkalýðsins - marx-leninismanum - , þetri bar áttuagi og verkalýðssinnaðri starfsstíll er það sem samtökin snúa sér að á næstunni í innra starfi. Meginmarkmið ytra starfs er að efla samfylkingarbaráttu um ákveðin mál, t.d. baráttu gegn heimsvaldastefnu og risaveldunum, baráttu fyrir sjálfsákvörðunarrétti Íslands (dæmi 1. des.), kvennabaráttu (dæmi 8. mars-hreyfingin). Einnig er skipulagning andstöðu gegn stéttasamvinnustefnu í verkalýðshreyfingunni ofarlega á blaði . Markmið starfsins í verkalýðsfélögunum er það að gera þau að raunverulegum baráttutækjum. Önnur markmið eru t.d. stofnun kommúníska æskulýðssamtaka. Rauði þráðurinn í starfi að mark miðum er fræðslu- og upplýsingastarf, skipulagning beinnar barátttu kemur um sinn í annað sæti. Til þessa starfs hafa samtökin Verkalýðsblaðið og Október-forlagið, auk hvers og eins félaga. Það er því efling Vbl. og þar með uppbygging vikublaðs, efling Október og líflega fjöldastefna sem eru höfuðviðfangsefni um þessar mundir.

- Þurfa samtökin ekki mjög aukinn styrk til að standa við öll þessi stóru og mikilvægu verkefni ?

- Gamli KFÍ (1930-38) sem var um margt gallaður flokkur átti upphaf ekki ósvipað EIK(m-l). Ísl. kommúnistar nú á tímum standa betur að vígi en kommúnistar þá og hafa náð betri árangri á svipuðum tíma. EIK (m-l) eru eflaust umsvifamestu samtökin til "vinstri" utan Alþýðubandalagsins og stefna hratt fram á við. Miði menn við árásir auðstéttarinnar á vinnandi fólk og viðsjár í heiminum, sést glöggt að hraða þarf uppbyggingu flokksins. Hvert skref kostar samvirka vinnu margra og því er skylda allra verkalýðs- og baráttusinna að taka afstöðu til skipulegs starfs Auðvelt er að fela sig í fjöldanum, treysta ekki sjálfum sér eða ætla öðrum að vinna umbótastarf fyrir sig. En staða verkafólks, æskulýðs, alþýðukvenna og alls alþýðufólks til sjávar og sveita setur verka lýðs- og baráttusinnum þann kost einan að sýna raunverulega stéttarafstöðu með þessu fólki. Helsta leiðin til þess er sú að ganga í EIK(m-l) og taka þátt í starfi samtakanna. EIK(m-l) þarf á nýjum félögum að halda til að geta sinnt skyldum sínum. Það liggur alveg ljóst fyrir.

- Að lokum, nokkur orð um kosningarnar í vor ?

- Á döfinni eru tvennar kosningar og framundan er líka dagur verkalýðsins, 1. maí EIK(m-l) henda sér út í kosningaslaginn með þá stefnu að fólk skili auðu að þessu sinni og sýni þannig álit sitt á þjóðfélagsskipaninni og borgaralegu flokkunum. 1. maí verður væntanlega haldið áfram risamiklu starfi frá því í fyrra, bæði í Reykjavík og á Akureyri, undir nafninu Samfylking 1978 . Þetta er samfylking framsækinna einstaklinga og þarna er komin tvö tækifæri fyrir baráttu- og verkalýðssinna til að taka sín fyrstu skref og öðlast þannig dýrmæta reynslu til að öflugri fjöldabaráttu á Íslandi.

„Konur bera uppi hálfan himininn" (Maó)

Konur! Gerum stéttarfélögin einnig að okkar baráttutækjum

Þessi krafa á ekki síður erindi til okkar kvennanna. Við þurfum að starfa í stéttar - félögunum okkar vegna þess að: Árðrændar erum við ásamt körlum verkalýðsstéttarinnar. Fyrir utan það að faglega baráttan færir okkur brauð í aðra hönd, þá er hún líka dýrmæt þjálfun í að þekkja eðli andstæðinganna. Við hverja baráttu sem ber ávinning úr býtum, eykst stéttvísin og ber okkur skref á leið til sósíalismans.

Stéttarfélögin eru vettvangur bæði karla og kvenna. En kvenna hreyfing er okkur einnig nauðsynleg. Hún a að taka mið af stéttabaráttunni og vera okkur

Boðað var til fundar í Framsókn um "ölgin" svoköllud
Fundurinn var boðaður með 1 dags fyrirvara eins og forusta félagsins hefur alla tíð iðkað

Félagsfundur í Framsókn

Forystan afhjúpar sig

Verkafólkinu er ekki gefinn kostur á að undirbúa sig til að geta tekið virkan þátt í fundum félagsinsog á þann hátt m.a. keyrir forustan fram stéttasamvinnustefnu sína. Þórir Daníelsson ,framkvæmdastjóri Verkamannasambandsins flutti aðalræðu fundarins - sagði frá innihaldi "ólaganna" og viðbrögðum verkalýðsfélaga nna og BSRB.

Aðalinnihald ræðunnar var þetta - Verðtryggingarákvæði samninganna frá 22.júní 77 " þau bestu sem nokkru sinni hefur verið samið um" en viss öfl litu þau hornauga.

Það sé ljóst að núverandi illleysanleg vandamál atvinnuvegana eru bein afleiðing innlendrar óstjórnar og að þessi lög sýni ekki hãan siðferðisþroska hjá ríkisstjórninni - því þurfi að nota "neyðarréttinn" og berjast gegn ríkisstjórninni.

Félagskonur bentu á að "ölögin" væru ekki afleiðing lítilfjörlegrar siðgæðisvitundar ríkisstjórnarinnar- heldur eðlileg afleiðing kreppu auðvaldspjóðfélagsins og stéttarsamvinnustefnu Así og verkalýðsforustunnar. Félagskonur vildu að Framsókn semdi eitt sér og segði sig úr samfloti ASÍ Kröfðust félagskonur þess að fá að taka virkan þátt í störfum sinnar samninganefndar.

Mikið vantraust kom fram á því að ASÍ og Framsóknarforustan gætu leitt baráttuna til sigurs Þórir Daníelsson lýsti undrun sinni yfir "hjáróma rödd sundrungarinnar" sem hann kallaði. Þau vildu ekkert segja um það til hvers konar aðgerða gæti komið,ákvörðun um það yrði tekin á fundi þ. 24 feb. og verkafólk látið vita.

Taldi formaður ekki þörf á að ræða þetta nánar. Félagskonur kröfðust umræðna um málið og báðu margar um orðið en formaður sem er alltaf sjálfskipaður fundarstjóri fór í ræðupúlt og meinaði konum um að fá orðið á þeirri forsendu að umræður hefðu farið fram. Tillagan var borin upp til samþykktar en ertitt var að greina hvaða handaupprettingar voru til að biðja um orðið og hvað var atkvæðagreiðsla. Engin fundarsköp voru haldin á fundinum.Formaður nýtir fundarstjóra hlutverk sitt til að grípa inn í málflutning félagskvenna. Hún kemur með sínar eigin athug asemdir,niðurstöður og dóma um það sem sagt er áður en hún gefur fleirum orðið Hún grípur framí fyrir ræðumönnum með ókvæðisorðum og lítilsvirðingu. Um leið og formaður taldi sig hafa samþykkt fundarins fyrir tillögunni sagði hún fundi slitið. Mikill hugur var í konunum a fundinum og megn óánægja ríkjandi.Um 100 konur voru mættar og komust miklu færri að en vildu á mælendaskrá og þeim sem upp komu var mætt með lítilsvirðingu

með lítilsvirðandi athugasemdum fundarstjóra.
Starfsaðferðir forystunnar í Framsókn sýna svo ekki verður um villst hverra hagsmunum hún er að þjóna, nefnilega stéttasamvinnustefnunni og þá auðvitað atvinnurekendum og ríkisvaldi þeirra.

fréttaritari

Uppsagnir á Kirkjusandi

Þann 24. febr. '78 var kauptryggingarsamningi fiskverkunnarkvenna við Kirkjusand sagt upp í annað sinn á mjög stuttum tíma.

Fyrri uppsögnin var rökstudd af fyrirtækinu með hráefnisskorti. Þessi síðari uppsögn er framkvæmd vegna "mjög ótryggs ástands vinnumarkaðsins" í dag, sem þýðir - vinnubann vegna yfirvofandi verkfalla.

Undirrituð benti varaformanni Framsóknar, Rögnu Bergmann, á að það þyrfti greinilega harðari aðgerðir en 2ja daga verkfall, sem búið væri að tilkynna með 6 daga fyrirvara. Sagði varaformaðurinn "að það yrði örugglega athugað"

TRÚNAÐARMENN ERU ENGIR Á KIRKJUSANDI.

Trúnaðarmenn eru engir á Kirkjusandi hvorki í Framsókn eða Dagsbrún. Þrátt fyrir ftrekaðar beiðnir verkafólksins þar,til forystu félaganna hefur ekkert verið gert í að kjósa trúnaðarmenn. Formaður Framsóknar segir "að konurnar þar hafi verið sér erfiðar fyrr, - og nú geti þær bara beðið"

Verkafólk það sem hefur boðið sig fram til trúnaðarstarfa, tók sig til í vikunni og boðaði starfsfólk á kosningafund í kaffitíma. Mætti þetta frumkvæði starfsfólksins miklum mótbyr frá fulltrúa atvinnurekenda - yfirverkstjóra - sem neitaði að svona fundir fengju að eiga sér stað, nema formenn Framsóknar og Dagsbrúnar væru viðstaddir. Slíkt er annars ekki venja við trúnaðarmannakosningar í Rvk. Nöfn kosinna trúnaðarmanna eru lögð fyrir stjórnir verkalýðsfélaganna til samþykktar. Nú er búist við kosningu trúnaðarfólks á Kirkjusandi í vikunni. Ef formennirnir sjá sér fært að fara frá samningafundum. Verkalýðsforystan og atvinnurekendur leggjast þarna á eitt um að koma í veg fyrir virkni verkafólks á staðnum, báðir aðilar telja það ógnun við stöðu sína að verkafólk á Kirkjusandi neyti réttar síns og eigi trúnaðarmenn á staðnum og sameinist í baráttunni gegn atvinnurekendum og stéttasamvinnustefnunni. Rétt er að byggja upp andstöðulið í hinum einstöku stéttarfélögum,með sem sterkust tengsl viðmikilvægustu vinnustaðina. Frá upphafi verður andstaðan að setja upp réttar kröfur,sem leiða baráttuna fram á við. Kröfur okkar eiga að taka mið af baráttustöðunni og vera þannig að alþýðan vilji berjast fyrir þeim.

Nánar segir um andstöðuliðastarf í bæklingnum: Gerum verkalýðshreyfinguna að baráttu hreyfingu" sem fæst í Október búðunum.Sjá auglýsingu annars staðar í blaðinu.

vinnustefnu verkalýðsforystunnar.

Fréttaritari.

Október

Alþjóðabankinn:

Kúgunartæki bandarískra auðherra

Erindreki Alþjóðabankans hefur verið á ferð hér með ráðstefnuhaldi, brosmildum sjónvarpsviðtölum og öðrum áróðri. Vert er því að vekja athygli á eðli þessa banka og starfsemi. Í blöðunum 14.febr. s.l. er birt yfirlýsing um Alþjóðabankann frá Elfasi Davíðssyni, kerfisfræðingi, þeim manni sem er einna fróðastur einstaklinga á Íslandi um fjölþjóðaauðhringa, og Engilberti Guðmundssyni, hagfræðingi. Um leið og við hvetjum fólk til að ná sér í þessa yfirlýsingu til yfirlestrar. birtum við hér nok nokkur atriði úr henni. Þau sýna svo að ekki verður um villst hvert eðli þessarar stofnunar er, nefnilega að vera kúgunartæki bandarískra fjölþjóðauðhringa. Millifyrirsagnir eru blaðsins.



MARKMIÐ BANKANS

"Meginmarkmið bankans eru þrjú:
1. Að finna hagvænleg fjárfestingartækifæri fyrir eigendur fjölþjóðafyrirtækja.
2. Að auka hagkvæmni og arðsemi þeirra fjárfestinga sem fjölþjóðafyrirtæki leggja í í einstökum löndum.
3. Að tryggja réttarstöðu fjölþjóðafyrirtækja gagnvart þjóðríkjum."

AÐFERÐIR BANKANS

"Þessum markmiðum nær bankinn meðal annars með því að:
-láta framkvæma forrannsóknir um hagkvæmni tiltekinna framkvæmda eða fjárfestinga er gætu komið fjölþjóðafyrirtækjum að notum. Bankinn notfærir sér oft ókeypis þjónustu UNIDO (Iðnþróunarstofnun Sþ) við þessar forrannsóknir og tekur þannig ómakið og kostnaðinn af fyrirtækjunum. Séu niðurstöður forrannsóknanna jákvæðar er fjölþjóðafyrirtækjunum gert viðvart.
- lána fyrst og fremst til undirstöðuframkvæmda sem gera fjárfestingar fjölþjóðafyrirtækja í viðkomandi löndum arðberar. Má þar nefna m.a. lán til virkjanagerðar, til hafnar- og vegagerðar og til stofnunar fagskóla til framleiðslu á óguðu og þjálfuðu vinnuafli handa fjölþjóðafyrirtækjunum. Í samningum bankans við þjóðríki (bankinn lánar ekki til einkafyrirtækja) er hinn innlendi kostnaðarþáttur ætíð takmarkaður en þáttur erlendra aðila jafnframt ríkjandi.
- reka gerðardóm (ICSID) sem á að leysa deilur milli þjóðríkja og erlendra fyrirtækja, þannig að útkoman verði hinum erlendu aðilum í hag.
- setja í samningum sínum við þjóðríki ákvæði sem tryggja afkomu erlendra fyrirtækja og áframhaldandi aðstöðu."

SAMSKIPTI BANKANS VIÐ ÍSLAND

" Samskipti Alþjóðabankans við íslenska ríkið eru góð kennslubókardæmi um þær aðferðir sem hér var lýst. Annars vegar tryggja samningar fsl. ríkisins við ALUSUISSE að deilum þeirra á milli eigi að vísa til gerðardóms bankans í Washington. Hins vegar voru sett í lánasamningum bankans við íslenska ríkið vegna Sigölduvirkjunar ákveði sem tryggja afkomu og aðstöðu ALUSUISSE á Íslandi. Samkvæmt samningum þessum falla lán vegna Sigölduvirkjunar í gjalddaga ef íslenska ríkið endurskoðar samninga sína við ALUSUISSE án samráðs við bankann."

SKIPULAG

"Skipan hans er ekki heldur lýðræðisleg, enda ákvarðast stjórnun hans og stefna í lánamálum af hlutafjáreign einstakra aðildarríkja en ekki af þörfum einstakra ríkja eða mannfjölda í viðkomandi ríkjum. Ráðandi öfl í bankanum eru því Bandaríkin og fáein auðug ríki sem eru einnig heimastöðvar stærstu fjölþjóðafyrirtækja."

ÚTIBÚSSTJÓRI Á ÍSLANDI

"Einn af lærlingum bankans er nú orðinn eins konar útibústjóri fjölþjóðafyrirtækja á Íslandi . Um er að ræða Jón Sigurðsson, forstjóra "íslenska" járnblendifélagsins sem er í raun dóttur fyrirtæki ELKEM-SPIGELVERKET."

HAFIÐ SAMBAND VIÐ EIK(m-l) OG OKTÓBER FORLAGIÐ

EIK(m-l) Akureyri: Hafnarstræti 79. Opið: þriðjudaga kl. 5-7 og föstudaga kl. 5-7

EIK(m-l) Reykjavík: Óðinsgötu 30. Opið: alla virka daga kl. 5-7, laugardaga kl. 1-3. sími 29212 — Pósthólf 5'86.

EIK(m-l) Kaupmannahöfn: Sigrún Ágústsdóttir, Öresundskóllegiet, J-102, Dalslandsgade 8, 2300 Kóbenhavn S.

EIK(m-l) Oslo: Steinunn Hjartardóttir, Schultsgate 7, Oslo 3. Sími 694450, kl.5-8.30.

EIK(m-l) Uppsalir, Svíþjóð: Haraldur Arngrímsson, Flogstavägen 93 F, Uppsala.
.....

EIK(m-l) hefur gíróreikning nr. 12 200-9.

Á öllum þessum stöðum fæst einnig Verkalýðsblaðið og útgáfuefni Október-forlagsins og EIK(ml).

utan úr heimi

lönd vilja sjálfstæði
þjóðir vilja frelsi
alþýðan vill byltingu

Bandaríkin:
170 þús. kolanámuverkamenn í verkfalli

Kolanámumenn krefjast verkfallsréttar

Um það bil 170.000 kolanámuverkamenn í Bandaríkjunum hafa verið í verkfalli frá 6. desember á síðasta ári. Með þessu verkfalli eru verkamennirnir að krefjast verkfallsréttar og aukins öryggis í námunum. Gífurleg samstaða hefur ríkt meðal verkfallsmanna, þrátt fyrir harða baráttu bæði við verkfallsbrjóta atvinnurekenda og forystu fagfélags þeirra, United Mine Workers, UMW.

Fyrir verkfallið var allt reynt til að draga kjarkinn úr kolanámuverkamönnunum. Atvinnurekendur fullyrtu að til væru miklar birgðir af kolum, þannig að fyrr eða síðar myndu verkfallsmenn gefast upp. En kolanámuverkamennirnir eru að fullu meðvitaðir um mikilvægi verkfallsréttarins. Með því að halda út harðan vetur tekjulausir og standa strangar verkfallsvörslur sýndu þeir að þeir láta ekki þvinga sig til uppgjafar.

Ákvörðunin um að berjast fyrir verkfallsréttinum er að miklu leyti sprottin upp af þeim lélegu skilyrðum sem verkamennirnir verða að vinna undir. Frá aldamótum hafa rúmlega 100.000 verkamenn látið lífið í námuslysum í Bandaríkjunum. Miklu fleiri hafa látist af völdum atvinnusjúkdóma.

Í verkfallsvörslunni hafa námuverkamennirnir þurft að kljást við lögreglu og vopnaða verði sem atvinnurekendur nota til að vernda verkfallsbrjóta. Þetta hefur kostað tvo verkfallsmenn lífið. Lítill stuðningur við verkfallið hefur komið frá forystu UMW, og hefur það kennt námuverkamönnunum að þeir verða að treysta á eigin krafta.

Nú eru áhrif verkfallsins að koma í ljós og eru atvinnurekendur ekki eins kokhraustir. Ríkisstjórnin og Carter forseti hafa gert allt sem í þeirra valdi stendur til að slíta verkfallinu og koma deiluaðilum að samningaborðinu, og hafa atvinnurekendur samþykkt það fyrir sitt leyti.

Þær fregnir hafa borist að Carter íhugi nú að beita svokölluðu Taft-Hartley lagaákvæði sem getur þvingað hina 170.000 verkfallsmenn til starfa í 80 daga á meðan samningar standa yfir.

En verkfallsmenn eru staðráðnir í að láta hvergi bugast, því þeir hafa þegar fórnað of miklu í verkfallinu til að gefast upp án þess að ná fram kröfum sínum.

Heimild: The Call í Bandaríkjunum.

Gefið í PAC söfnunina!

EIK(m-l) og Verkalýðsblaðinu hefur borist bréf frá Count Pietersson, fulltrúa Pan Africanist Congress - PAC - í Azaníu (Suður-Afríku), en Pietersson er fulltrúi PAC á Norðurlöndum og hefur aðsetur í Oslo. Í bréfinu segir m.a.:

"Við viljum vekja athygli ykkar á stöðugt harðnandi ofsóknum og aðgerðum kynþáttahatsaranna í Suður-Afríku á hendur Pan Africanist Congress og þjóðlegri frelsishreyfingu Azaníu yfirleitt.

Um þessar mundir standa yfir réttarhöld í máli 24 föðurlandsvina í Azaníu og eru þeir ákærðir fyrir aðild að "ólögmætum samtökum" (PAC), þátttöku í "glæpsamlegum aðgerðum" í mörgum borgum og bæjum í Suður-Afríku og "morðtilraunir". Mennirnir eru ákærðir fyrir að hafa tekið þátt í þessum aðgerðum að boði PAC, sem lið í því að steypa "löglegri stjórn" Suður-Afríku. Þessar ákærur eru um leið ögnun við líf þeirra, þar sem samkvæmt sérstökum "lögum um hryðjuverk" má taka þá af lífi."

PAC hvetur samtök, einstaklinga, fjölmiðla o.fl. aðila um allan heim að veita þessu fólki stuðning með öllum ráðum. Verkalýðsblaðið hvetur lesendur til að senda stutta stuðningsyfirlýsingu til PAC þar sem réttarhöldin yfir 24 föðurlandsvinum úr PAC eru fordæmd og krafist lausnar fyrir þá og aðra pólitíska fanga í Suður-Afríku. Heimilisfangið er :
INTERNATIONAL COMMITTEE FOR THE DEFENCE OF PAC TRIALISTS,
Suite 506, 211 EAST 43rd Street
New York, N.Y. 10017.

Heimilisfang PAC í Oslo er:
Postboks 9180, Vaterland Oslo.

100 þús handa PAC

Söfnunin handa Pan Africanist Congress - þjóðfrelsishreyfingunni í Azaníu (S-Afríku) fór hægt af stað. Stafar það m.a. af því að EIK(m-l) hafa lítið getað skipulagt hana enn, sökum anna í ýmsu fjöldastarfi. Þessu hefur verið ráðin bót á nú. Helstu verkefnin í sambandi við söfnunina eru:

1. Gefið er út dreifirit til notkunar við söfnunina. Ritið kynnir bæði PAC, stuðningsstarfið og söfnunina.

2. Skipulögð er fjársöfnun á götu úti á Akureyri og í Rvk. Í skólum á vinnustöðum og innan félaga verður leitað eftir stuðningi eftir því sem aðstæður leyfa.

3. Stuðningsdeildir EIK(m-l) í borgum erlendis munu safna fé meðal námsmanna og annarra Íslendinga þar.

Markmiðið er 100.000 kr. sem verða sendar skrifstofu PAC í Oslo án skilyrða um notkun fjárins. Nú þegar hafa safnast kr. 27.000 og eiga félagar og stuðningsmenn 8.marz hreyfingarinnar þar verulegan hluta, sem safnast hefur á liðsfundum hennar.

Fjárframlögum er veitt viðtaka í Oktober-búðunum á Akureyri og í Reykjavík og þar fást upplýsingar, dreifirit ofl.

STYÐJIÐ BARÁTTU ALÞÝÐUNNAR Í AZANÍU - GEFIÐ Í SÖFNUNINA!

Æðsti yfirmaður Sovéska flotans:
„Við getum tryggt hagsmuni Sovetríkjanna á heimshöfunum"

"Í fyrsta sinn í sögunni er sovéski herskipaflotinn nú fær um að tryggja hagsmuni Sovétríkjanna á öllum heimshöfum", segir sovéski admírállinn Sergei Gorsjkov í síðasta tölublaði Rauðu Stjörnunnar, málgagns sovéska hermálaráðuneytisins. Og Sergei Gorsjkov er enginn venjulegur herforingi, heldur æðsti yfirmaður alls sovéska herskipaflotans

Í Rauðu Stjörnunni segir svo áfram (leturbreyt. Vbl.):

-Herstyrkur sovéska flotans hefur aukist verulega síðasta áratug, og hefur nú náð því marki að geta talist viðtækur vopnaður valdaþáttur í fyllstu merkingu þeirra orða.

Sergei Gorsjkov bendir á að þróun kjarneðlisfræðilegrar og rafeindafræðilegrar tæknikunnáttu hafi gert Sovétríkjunum fært að byggja herskip sem fullnægi meiru en þeim kröfum sem gerðar séu til nútíma hernaðar.

Gorsjkov heldur áfram:

- Land vort ræður í dag yfir öflugum úthafsflota herskipa sem geta tryggt öryggi ríkisins á hafi úti á traustan og áreiðanlegan hátt.

Skv. því sem aðmírállinn segir hafa mestar breytingar orðið í sambandi við uppbyggingu kafbátaflotans.

Þarna viðurkennir í raun fulltrúi sovésks vígbúnaðar hreinskilnislega að Sovétríkin sækist efitir áhrifum "á öllum heimshöfum". Hann segir einnig að þetta risaveldi sé nú reiðubúið til grimmdarlegri hernaðar en þess sem nú tíðkast.

Sovéski herskipaflotinn hefur verið notaður til kúgunarverka. Það sjáum við t.d. í Eritreu þessar vikurnar. Enginn þarf því að efast um hlutverk þessa öfluga herskipaflota.

HERSKIPAFLOTI SÓSÍALHEIMSVALDASEGGJANNA Í KREML ER NÚ ÞEGAR TILBÚINN TIL AÐ HEFJA ÞRIÐJU HEIMSSTYRJÖLDINA!



Uppdrátturinn sýnir siglingaleiðir sovéska flotans út frá Murmansk og suður Atlandshaf (1) og vestan megin við Grænland og suðurúr vestan Íslands (2). Til þess að brjóta sér leið í gegn um Ísinn vestan megin við Grænland hefur sovéski flotinn byggt risastóra ísbrjóta. Opnun þessarar siglingaleiðar fyrir herskipaflota gerbreytir hernaðarstöðunni á Atlandshafi.

SOVÉTRÍKIN OG ÍSLAND

Umsvif Sovétríkjanna á hafinu koma ekki síst Íslendingum við. Sovétríkin eru nú að leita nýrra leiða fyrir skip sín í áttina til Bandaríkjanna. Sú leið sem þeir nú beina sjónum sínum að er suður með Grænlandi vestanmegin. Takist þeim með kjarnorkuísbrjótum sínum að brjóta sér leið þarna hafa þeir fært víglínu væntanlegrar úrslitaorrustu um N-Atlandshafið frá hafsvæðinu milli Englands og Íslands að austurströnd Alaska. Við þetta lendir Ísland aftan við víglínu Sovétríkjanna. Það er ekki erfitt að sjá hvert "gagn" okkur verður þá að bandarísku herstöðinni! Bandarískir dátar gætu þá eins verið löngu farnir frá Íslandi til að verja eigið land, þegar hersveitir Brésnefs koma hingað úr vesturátt, annað hvort eftir sigur sinn yfir Bandaríkjunum eða á flótta austur yfir Atlandshaf. Ætli þeim þætti þá ekki þægilegt að setja upp bækistöð í mannvirkjunum á Miðnesheiði? Nema "verndarar" okkar verði þá búnir að sprengja allt í tætlur þar um slóðir áður en Sovétmenn komast hingað. Víst er um það að Rússar sætta sig ekki við að hafa bandarískar herstöð fyrir aftan sig, þegar þeir heyja úrslitaorrustuna. Ætli yrðu þá ekki heldur einhver ráð með að senda hingað 2-3 herskip til að þagga niður í "stórhernum" við Keflavík!

Þessi nýju viðhorf hljóta að valda miklu um afstöðu fólks til risaveldanna tveggja, til Sovétríkjanna, til aðildar okkar að NATO og til "gagnsemi" okkar af bandarískra hernum. Þessi nýja staða sýnir til að mynda betur en nokkuð annað nauðsyn þess að íslensk alþýða búi sig undir harkalegt og erfitt alþýðustríð gegn sovéskum innrásarher. Fimmta herdeild Sovétríkjanna á Íslandi - þeir sem teldu sovéska innrás á Íslandi vera "framhald Októberbyltingarinnar og heimsbyltinguna í framkvæmd" - munu vissulega ekki hvetja til þess að alþýðan rísi upp gegn slíkri innrás. Trotskístar og aðrir Moskvusinnar munu fagna innrásinni og leggja sitt af mörkum til að lama alla baráttu. En íslensk alþýða mun ekki láta kúga sig til fylgis við erlenda fasista, þótt þeir skreyti sig með nafni sósíalismans.

Vladimir Klebanov, sá sem stofnaði "ólöglegt" verkalýðsfélag í Moskvu, fyrir skömmu hefur nú verið handtekinn af KGB, sovésku leyniþjónustunni. Sama dag voru fjórir aðrir félagar þessa verkalýðsfélags handteknir. Verkalýðsfélagið hafði markmið að afhjúpa þrælrotið skipulag sovésku verkalýðshreyfingarinnar og vinna að umbreytingum á vinnuaðstöðu verkamanna. Klebanov er sjálfur fyrrverandi kolanámuverkamaður, en var settur í fangelsi fyrir að segja frá því að vinnustaður hans var lífshættulegur.

-Klassekampen-

Klámbrennur.

Í fyrra hófst nýr þáttur í jafnréttisbaráttu kvenna í Noregi, þáttur sem vakið hefur megnustu óbeit auðvaldsins þar. Þetta eru klámbrennurnar svonefndu. Mikill fjöldi alls kyns klámblaða o.þ.h. er seldur í búðum og sjoppum. Sumir græða einkum á sölu klámblaða, sem ekki eru leyfð. Enginn vafi er á því að klámið er mikilvægur þáttur í viðleitni auðvaldsins til að litið sé niður á konur, þær einungis skoðaðar sem líkamar. Auk þess er klámið beinlínis gróðavegur ýmissa siðlausra auðherra. Klám hefur einnig þau áhrif að ýta undir alls kyns skaðlegar ranghugmyndir um kynlíf, bæði meðal kvenna og karla, einkum meðal þeirra yngstu. Konur í Noregi hafa risið upp gegn þessari sölu á líkama konunnar. Á fjölmörgum stöðum hafa skipulagðir hópar kvenna farið inn í sjoppur og verslanir tekið þar með valdi allt það klám sem þær hafa fundið og síðan hellt yfir það bensíni og brennt, ýmist við sjoppurnar eða á áberandi stöðum í hverfum og bæjum. Þessar aðgerðir hafa vakið mikla athygli og fengið einlægan stuðning alþýðufólks í Noregi.

Barbados:

Efnahagslögsagan út í 2oo mílur.

2.febrúar s.l. ákvað þingið á Barbados, samhljóða, að færa út efnahagslögsögu. Þingið á Barbados hefur samþykkt samhljóða að frá 2.febr. s.l. skuli efnahagslögsaga landsins vera 2oo mílur. Við umræðurnar í þinginu sagði utanríkisráðherra landsins, Henry Forde, að "það er ekki lengur hægt fyrir karabíska svæðið að sitja aðgerðalaust og horfa á það að hin knöppu fiskveiðiauðæfi verði veidd upp til agna af erlendum fiskiskipum, sem veiða án laga og leyfis".

-Klassekampen.

Klassekampen.

Frá 1.apríl í fyrra hefur Klassekampen, málgang systursamtaka EIK(m-l) í Noregi - AKP(ml)-komið út sem dagblað. Blaðið flytur greinagóðar fréttir af öllum hræringum meðal verkafólks á vinnustöðum, í verkalýðsfélögum og víðar, túlkar og birtir fréttir um svik og skaðsemdarverk borgaralegra flokka, innan og utan ríkisstjórna, flytur fræðandi efni um kenningar og stefnu marx-lenínismans og birtir fréttir af merkustu atburðum heimsmálanna - í einu orði sagt, er voldugt vopn í stéttabaráttu norsks verkalýðs. Íslenskur verkalýður og allt framsækið fólk getur margt af þessu blaði lært og notað í sinni eigin baráttu.

Frá síðustu áramótum var blaðið stækkað í 16 síður hvern dag. Áskriftargjald Klassekampen er Nkr. 55o, á ári (uþb. 27.-5oo ísl.kr.) eða Nkr. 46,- á mán (uþb. 23oo ísl.kr.). Einnig er hægt að vera áskrifandi að einu blaði í viku (laugardagsblaðinu) og kostar það Nkr.1oo, á ári (uþb. 5.ooo ísl.kr.). Hægt er að gerast áskrifandi með því að skrifa til:

KLASSEKAMPENS DISTRIBUSJON
BOKS 2o46 GRÜNERLÖKKA
OSLO 5
NORGE.

Afstaða EIK (m-l) til: Málfrelsissjóðs

Í stefnuskrá EIK(m-l) er skýrt tekið fram að EIK(m-l) snúast gegn sérhverri tilraun til að skerða þau borgaralegu lýðréttindi sem einstaklingur í auðvaldsþjóðfélagi á að hafa. Undir það fellur fundafrelsi, prentfrelsi, samtakafrelsi, o. s.frv. EIK(m-l) benda samtímis á þá staðreynd að lýðréttindi varða stéttabaráttu og stéttarafstöðu. Stjórnarskrá Íslenska og réttarkerfi auðvaldsþjóðfélagsins er ekki trygging fyrir lýðréttindum. Auðstéttin miðar fyrst og fremst eigin notkun á lýðréttindum, túlkun á stjórnarskrárákvæðum o.fl. við eigin hag. Ögni verkalýðsstéttin og önnur alþýða efnalegri og pólitískri valdastöðu yfirstéttarinnar skerðir hún umsvifalaust lýðréttindin. Fasismi er því hin hliðin á borgaralega lýðræðinu - ögnarstjórn og villimennska einokunarauðvaldsins. Af þessu sést í raun og veru að lýðréttindi eru ekki stéttlaust hugtak, heldur hluti af baráttustöðu vinnandi fólks sem það verður að varðveita. Barátta fyrir lýðréttindum er því hagsmunamál verkalýðs og annarrar alþýðu en ekki auðstéttarinnar, þó lýðræðissinnar finnist vissulega innan hennar. Aðstæður geta réttlætt samfylkingu með þeim. Með þetta að leiðarljósi myndu EIK(m-l) t.d. krefjast banns við starfsemi fasistasamtaka á Íslandi, eins og hverri annarri glæpastarfsemi sem beindist gegn alþýðu manna. EIK(m-l) myndu ekki styðja eða aðstoða slík öfl við "baráttu fyrir málfrelsi". Nýstofnaður Málfrelsissjóður er samtök fólks úr öllum þremur aðalstéttum þjóðfélagsins - undir forystu menntafólks úr millistétt. Markmið hans er að styrkja einstaklinga sem eiga í útistöðum við réttarkerfið vegna málfrelsis. Sjóðurinn tekur ekki stéttarlega afstöðu né heldur eru varnaglar slegnir varðandi undantekningar frá stuðningi sjóðsins við einhverja aðila. Hvort tveggja eru alvarlegir gallar sem gera það að verkum að EIK(m-l) styðja ekki sjóðinn skilyrðislaust.

Afstaða samtakanna er þessi:

- Sjóðurinn er jákvætt skref framávið í baráttunni gegn skerðingu lýðréttinda. Hans er þörf m.a. vegna aðfarar VL-manna að ýmsum herstöðvarandstæðingum.
- Eik(m-l) munu taka afstöðu til aðgerða sjóðsins hverju sinni eftir mat á því hvort þær þjóni hagsmunum verkalýðs og annarrar alþýðu eða ekki.

Kveðjur til EIK(m-l)

Í síðasta tbl. birtum við útdrátt úr nokkrum kveðjum sem III. landsþingi EIK(m-l) bárust frá marx-leníníska samtökum og flokkum. Að þessu sinni segjum við frá tveimur slíkum kveðjum, annarri frá Kommúnistaflokki verkamanna (m-l) - AKP(m-l) í Noregi og hinni frá Kommúnistasamtökum Kanada (m-l) - CCL(m-l).

"Það er ókyrrð í lofti og aðstæður allar eru í hag alþýðu heimsins". Þriðji heimurinn leiðir baráttuna gegn allri heimsvaldastefnu og heimsyfirráðastefnu risaveldanna. Andstæðurnar á milli risaveldanna skerpast æ meir. Miðað við sósíalheimsvaldastefnuna dregur mátt úr bandarískri heimsvaldastefnu: sósíalheimsvaldastefnan er líklegasta uppspretta þriðju heimsstyrjaldarinnar", segir AKP(m-l) meðal annars í kveðju sinni. Þá segir:

"Lönd okkar liggja á átakasvæði risaveldanna tveggja og verða að búa sig undir styrjöld. EIK(m-l) og AKP(m-l) berjast gegn báðum risaveldunum, gegn Bandaríkjunum sem innlimað hafa Ísland og Noreg í NATO - "bandalag" sem einnig beinist gegn verkalýðsstéttinni og alþýðunni - og gegn Sovétríkjunum sem eru mesta hernaðarógnunin í norðri.....Okkar stefna í styrjöld er sú að berjast gegn sérhverri heimsvaldaárás, steypa borgarastéttinni af stalli og leiða verkalýðsstéttina til valda og byggja sósíalískt þjóðfélag.

Þá segir AKP(m-l) að baráttan fyrir vörn sjálfsákvörðunarréttarins hafi verið hörð í báðum löndum. Ísland hafi á síðustu árum verið neytt til að verjast vopnaðri árás frá Stóra-Bretlandi. Komið hafi verið í veg fyrir aðild Noregs að Efnahagsbandalaginu með umfangsmiklu skipulagsstarfi meðal verkalýðs og alþýðu gegn borgarastéttinni.

Um heimsvaldaásælni Noregs á Íslandi segir AKP(m-l):

"Gagnvart Íslandi kemur Noregur fram sem heimsvaldaríki. AKP(m-l) styður baráttuna sem EIK(m-l) og verkalýðsstéttin á Íslandi inna af hendi gegn heimsvaldaásælni hins norska einokunarauðvalds."

KVEÐJAN FRÁ CCL(m-l)

Í upphafi kveðju CCL(m-l) í Kanada eru III. landsþinginu fluttar góðar óskir og þess vænst að þingið megi verða góður áfangi á þeirri leið að stofna kommúnískan verkalýðsflokk á Íslandi. Síðan segir:

"Ísland og Kanada eru nánir grannar og bæði ríkin tilheyra "öðrum heiminum". Verkalýðsstéttin og alþýða beggja landanna berjast hlið við hlið að því að steypa borgarastéttinni í sósíalískri byltingu og berjast gegn heimsvaldastefnu og hvers kyns afturhaldi. Verkalýður beggja landa á í höggi við risaveldin tvö, þessa hættulegustu óvini alþýðu heimsins, og berjast gegn viðleitni þeirra til heimsyfirráða og og stríðsundirbúnings. Alþýða landa okkar er sameinuð í baráttunni gegn bandarískri heimsvaldastefnu, sem stöðugt reynir að efla drottnunarstefnu sína og gegn Sovétríkjunum og sósíalheimsvaldastefnu þeirra, því risaveldinu sem nú er meira ásarsargjarnt og sem er líklegast til að hefja styrjöld."

"Félagar við óskum ykkur mikils árangurs á III. landsþinginu og stöðugt stærri sigra í baráttunni fyrir byggingu marx-lenínísks flokks hinnar íslensku verkalýðsstéttar", segir að lokum í kveðju Kommúnistasamtaka Kanada (m-l)- CCL (m-l).

Viðbrögð borgaralegu verkalýðsflokkanna við árásunum á kaup og kjör

Vinnufriði lofað í skiptum fyrir ráðherrastóla

Í hverju eru árásir atvinnurekenda og ríkisvalds þeirra - borgarastéttarinnar - á kaup og kjör verkafólks fólgnar? Hver er afstaða forystuliðs Alþýðusambandsins (ASÍ), Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) og Farmanna- og fiskimannasambandsins (FFÍ) til árásanna? Hver er afstaða borgaralegu verklýðsflokkanna, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags til árásanna? Hvers vegna vinna foringjar þessara flokka svo mikið saman, ásamt forystu ASÍ, BSRB og FFÍ, að mótun stefnu og undirbúningi aðgerða gegn kjaraskerðingunni, en nú gerist þetta í fyrsta sinn í sögunni? Þetta eru allt spurningar sem verður að svara og draga af niðurstöðinni réttar ályktanir.

1. Gengi ísl. krónu var fellt gagnvart erlendum gjaldmiðli til að bæta samkeppnisaðstöðu stóru einokunarhringjanna, Sölumiðstöðvarinnar og Sambandsins, á mörkuðum. Gengisfellingin gerir það að verkum að auðhringarnir fá fleiri krónur en áður fyrir sama magn af útfluttum varningi og þannig er þessi aðgerð beinínis gerð til að halda gróðahlutfalli þeirra óbreyttu eða auka það.

2. Gengisfellingin ein hefði ekki nægt til þess að forystulið ASÍ, BSRB og FFÍ hefðu gripið til andófsaðgerða, heldur hefði verið látið nægja að "mótmæla harðlega". Þessi afstaða kom m.a. fram hjá Birni Jónssyni, forseta ASÍ og fleirum opinberlega. Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn hefðu líka sætt sig við gengisfellinguna eina, enda litu borgaralegu verkalýðsflokkarnir og verkalýðspáfarnir svo á, að aukinn gróði auðhringjanna með gengisfellingunni myndi tryggja það að ekki yrði frekar hreyft við kjarasamningum sem í gildi eru. Fram hefur komið, svo ekki verður um villst, að í svokallaðri "verðbólgunefnd" (stjórnskipuð nefnd allra flokka

Kristján Thorlasíus formaður BSRB

leiðtoga allra stærstu hagsmunasamtakanna, "hagrannsóknarstjóra" o.fl.) voru verkalýðspáfarnir og fulltrúar Alþýðubandalags og Alþýðuflokks sammála um að einhver kjaraskerðing væri nauðsynleg. Gengisfellingin kom því síður en svo á óvart!

HVERNIG VARÐVEITA Á GRÓÐANN

3. En nú kom frumvarp um enn stórauknar kjaraskerðingar, sem fól m.a. í sér að verðbætur á kaup þetta ár skuli vera aðeins helmingur af því sem samningar gera ráð fyrir. Þessar ráðstafanir eru gerðar beinlínis í því augnamiði að koma í veg fyrir að gróðinn af gengisfellingunni verði að mestu étinn upp af kauphækkunum. Átök urðu í ríkisstjórninni um ákvæði frumvarpsins, þar sem átti að kippa óbeinum sköttum út úr vísitölugrundvellinum (þeir vega 19% af heildarvísitölu) og þannig hefði vísitölukerfið hrunið til grunna sem viðmiðun í útreikningi á kaupmætti. Þetta ákvæði var sett inn að kröfu Framsóknarflokksins, en síðan var það tekið út til að reyna að sætta verkalýðspáfana og borgaralegu verkalýðsflokkana við frumvarpið.

4. Viðbrögð ASÍ, BSRB, FFÍ Alþýðubandalags og Alþýðuflokks við frumvarpinu hafa verið hörð - mun harðari en gagnvart gengisfellingunni og harðari en í langan tíma - a.m.k. á yfirborðinu! Ástæður fyrir þessu eru margar, en þessar helstar:

a) forystuliðið í þessari "vinstri"blokk töldu sig hafa fengið tryggingu fyrir því að gengisfelling myndi nægja til að "bjarga" auðvaldinu um sinn og sættu sig auðveldlega við þá lausn; b) forystuliðin treystu sér ekki til að verja svo mikla kjaraskerðingu gagnvart launafólki og væntanlegum kjósendum; c) þrýstingur frá verkafólki á harðar aðgerðir er mikill; d) síðast en ekki síst hafa óvinsældir ríkisstjórnarinnar vegna kjaraskerðingarinnar veitt "vinstri" flokkunum og verkalýðspáfunum ákveðið kverkatak á stjórninni og hyggjast þeir nota sér ástandið til að knýja fram þingrof og kosningar.

"FRIÐUR Á VINNUMARKAÐI"

Eins og áður er sagt, er samstarf forystuliðs ASÍ, BSRB, FFÍ, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags, um þessar mundir einsdæmi og sameiginlegt markmið þessara afla er að sýna auðvaldinu fram á það í eitt skipti fyrir öll að hér verði ekki stjórnað "með friði á vinnumarkaðnum" nema "verkalýðsflokkarnir" hafi meiri ítök í ríkisvaldinu en nú er. Í sameignilegu nefndaráliti Lúðvíks Jósepssonar og Gylfa Þ.Gíslasonar í þinginu segir orðrétt, að stefna ríkisstjórnarinnar sýni að hún haldi sig við að stuðla að "óðaverðbólgu og síendurteknum átökum á vinnumarkaðnum". Krataforingjarnir eru þarna að lofa auðvaldinu friði og spekt ef þeir krækja í ráðherrastóla. Það er þeirra markmið og þeim hefur tekist



Björn Jónsson forseti ASÍ

að ná bandalagi við forystulið stærstu hagsmunasamtaka verka- og launafólks til að ná þessu markmiði.

ALLSHERJARVERKFALL?

Eins og málið horfir nú við virðist ætlun stéttasamvinnupáfanna í verkalýðsforystunni að efna til allsherjarverkfalls í mars, sem líklega næði bæði til ASÍ og BSRB. Við getum slegið því föstu, að þetta áform beinist ekki fyrst og fremst að því að sporna gegn kjaraskerðingunni og knýja fram kjarabætur, heldur er verkfallinu ætlað að skerpa andstæður innan ríkisstjórnarinnar, reyna að koma stjórninni frá og flýta þingkosningum. Slíkt er mjög hagstætt "vinstri"flokkunum. Það hefur hins vegar sýnt sig að miðstýrt allsherjarverkfall um allt land hefur ekki borið árangur sem skyldi. Miðstýring á kjaraaðgerðum og samningum er hins vegar í hag ríkisvaldinu, atvinnurekendum og stéttasamvinnupáfunum í forystum ASÍ og BSRB. Með allsherjarverkfalli nú ætla verkalýðspáfarnir að beita verkafólki fyrir sig í hagsmunabaráttu einstaka pólitískra flokka, en ekki að berjast gegn kjararáninu fyrst og fremst

Samkoma Málfrelsissjóðs 19. febrúar

SAMKOMA MÁLFRELSISSJÓÐS 19.FEBR.

Samkoma Málfrelsissjóðs í Háskólabíói sunnud. 19.febr. s.l. safnaði miklum fjölda gesta, og var Háskólabíó troðfullt. Dagskráratriði voru nokkuð misjöfn, í heild ágæt miðað við aðstæður. Reykjavík Ensemble flutti tónlist sína vel. Spilaverk Þjóðanna var illa undirbúið og mætti ekki allt til verks, en tókst þó sæmilega upp, einkum í "Icelandic Cowboy"-söngnum. Leikarar sem fram komu stóðu sig með prýði. Ræða Sigurðar A. Magnússonar, rithöf., um tjáningarfrelsi var í megninatriðum góð, og vel samin. Sama gildir um leikþætti þá sem fluttir voru. Þeir voru hnyttnir og fjörugir. Á skorti þó, að bent væri á að USA og VL-mennska eru ekki einu hættumar sem að okkur steðja. Sovétríkin og þau öfl hérlendis sem við þau vilja hafa jafn nána "samvinnu" og VL vill við Bandaríkin - svo sem trotskíistar, MFÍK, MÍR, hópar innan Alþýðubandalagsins o.fl. - hefðu gjarna mátt fá sitt, bæði í ræðum og leik.

Sá mikli mannfjöldi sem samkomuna sótti og sú háa fjárupphæð sem safnast hefur til Málfrelsissjóðs, sýnir að andstaða gegn öllum skerðingum á lýðréttindum á sér djúpa rótfestu í íslenskri alþýðu. Sama gildir um andúð fólks á dómum hinna borgaralegu dómstóla yfir herstöðvaandstæðingum. Hlaupatíkur og fulltrúar innlends og erlends auðvalds og afturhalds kröfðust sakfellingar yfir fólki sem aðeins hafði sagt skoðun sína á landráðastarfsemi. Og dómskerkið brást ekki stétt sinni. Ekki fremur en vant er.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ
ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Málgagn EIK(m-l)
Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á giró 12200-9

ÁBYRGÐARMAÐUR : ALBERT EINARSSON
1 árs áskrift: kr. 3000
1/2 árs áskrift: kr. 1500
Til útlanda: kr. 4000
Stuðningsáskrift: kr. 5000
ÖÐINSGÖTU 30, Posthólf 5186,
Reykjavík, sími: 29212

Landsbókasafnið
v/Hverfisgötu
101 REYKJAVÍK

Samið um kjaraskerðingu!

Hafi einhver efast um að "sólstöðusamningar" ASÍ-forystunnar veittu atvinnurekendum og ríkisvaldinu fullt svigrúm til að ráðast á kjörin og rýra kaupmáttinn, þá sést það svart á hvítu á meðfylgjandi línuriti, sem Ásmundur Stefánsson, hagfræðingur ASÍ, teiknaði og á að sýna kaupmátt laun verkafólks á yfirstandandi ári. Beina línan (100) táknar kaupmáttinn, eins og hann var í des. 1977, en efri brotalínan sýnir þróun kaupmáttarins samkvæmt "sólstöðusamningunum". Eins og ljóst má vera af línuriti hagfræðingsins hefur ASÍ-forystan samið upp á dágóða kjaraskerðingu fyrri hluta ársins 1978 og það er ekki fyrr en um miðjan ágúst sem kaupmáttur átti loksins að fara að ráði upp fyrir það sem hann var í desember s.l., skv. samningum. Neðri brotalínan sýnir kaupránið samkvæmt kaupránslögum ríkisstjórnarinnar og slagar "sólstöðusamningurinn" upp í að ná sömu kaupmáttarrýrnun fyrstu mánuði ársins. Hvers vegna í ósköpunum hefur ASÍ-forystan ekki gert verkafólki grein fyrir þessari staðreynd? Það er ljóst af þessu af hverju atvinnurekendur létu nægja að hirða helminginn af vísitölubótunum fyrir 1978, en tóku þær ekki allar á einu bretti. ASÍ-forystan hafði nefnilega samið upp á hluta þeirrar kjaraskerðingar sem nauðsynleg var til að tryggja auðvaldinu óskertan gróða af vinnu launafólks!



Línurit Ásmundar Sveinssonar hagfræðings ASÍ, sem sýnir að ASÍ, forystan hefur samið upp á dágóða kjaraskerðingu fyrri hluta ársins 1978.

Síðasti fræðslu fundurinn 15. apríl

Samkvæmt auglýsingum sem birst hafa um fræðslufundaröð EIK(m-l) í Reykjavík, m.a. í Rauðliðanum og víðar eru eftir tveir fundir um hinn nýja kommúnistaflokk, forystuafl verkalýðsstéttarinnar (átti að vera í marz) og um Alþýðubandalagið og sögu hinnar sósíalísku hreyfingar á Íslandi (átti að vera í apríl). Nú hefur verið ákveðið að steypa þessum tveimur fundum í einn fund og verður hann haldinn í sal prentara, Hverfisgötu 21 í Reykjavík, laugardaginn 15. apríl og hefst kl. 14 (ekki kl. 15 eins og allir fræðslufundir hingað til!). Ráðgert er að halda tvö framsöguerindi á fundinum, annað um baráttuna fyrir stofnun raunverulegs verkalýðsflokks á Íslandi - kommúnistaflokks, og hina um Alþýðubandalagið og sósíalíska hreyfingu á Íslandi. Síðan verða umræður í hópum, eins og gefist hefur vel á fræðslufundunum og inn á milli mun skotið menningarefni. Óhætt er að hvetja lesendur Verkalýðsblaðsins og annað áhugafólk um verkalýðsmál til að fjölmenna í prentarasalinn og taka þátt í þessum mikilvæga fundi. Og mundið tímann: laugardaginn 15. apríl kl. 14!

Sovéski fulltrúinn B.Semjenko hafði góðan stuðning íslenskra stéttasamvinnumanna á fundinum.

Isl. og sovéska endurskoðunarstefnan hönd í hönd á Hótel Loftleiðum

Nú hef ég lesið VBL. um nokkurt skeið og loksins farin að skýrast fyrir mér sú mynd, hvað Sovétríkin eru í raun og veru. Þetta er fasískt auðvaldsríki undir fölsku flaggi.

Nú, í síðustu viku kom hingað í boði ASÍ, Semjenkó nokkur úr miðstjórn sovésku verkalýðshreyfingarinnar. Þessi hélt ræðu á Hótel Loftleiðum um efnið: Starfið innan sovésku verkalýðsfélaganna. Ég þangað til að verða nú einhvers vísari um eðli risaveldisins. Vitið menn þetta er ein sú albesta leiksýning sem ég hef komið á.

Björn Jónsson, forseti ASÍ, setti fund og harmaði dræma fundarsókn, sem væri "..vegna sérstakra aðstæðna hér nú." Hann gleymdi alveg að geta þess, að stéttasamvinnustefnan og svik við málstað verkafólks undir forystu hans sjálfs hefur hrint það mörgum verkamanni út í deyfð um eigin málefni, að fáir mættu þarna til að sjá sovésku endurskoðunarstefnuna afhjúpast. Í stuttu máli, Semjenkó talaði hátt á annan klukkutíma með yfirborðslegum orðaflaum og endurtekningum, svo fundargestir voru litlu nær eftir þessa löngu ræðu. Sannaðist það best af hinni gífurlegu þátttöku fundargesta í almennum fyrirspurnum. Það kom greinilega í ljós í ræðunni, að stjórnir verksmiðjunnar þarna og verkafólk hafa ekki sameiginlega hagsmuni. Til að breiða yfir hinar ósættanlegu andstæður, eru svokallaðar verkalýðsnefndir, sem eiga að "vernda" verkafólk gegn verksmiðjustjórnum.

Ekki stefnt að launajöfnuði!

Meðallaun verkamanns eru 155 rúblur, en þeir fá mismuninn (?) sem er 212 rúblur úr ýmsum sjóðum. Síðan talaði Semjenkó lengi og ómarkvisst um tryggingarmál. Helst var að skilja á öllu þessu rausi að meðallaun séu ólífvænleg þarna. Allir virtust þurfa svo og svo mikið af styrkjum úr ýmsum sjóðum til að komast af, svo ekki sé talað um væru menn bágstaddir. Verksmiðjurnar borga í sjóðina eftir framleiðslu.

Það er því augljóst að verkafólk er kyrfilega arðrænt. Síðan valsar ríkið með sjóði verkafólks. (Er þetta ekki nákvæmlega sami þefurinn og í hinum vestræna auðvaldsheimi?). Verkafólk þarf svo að betla úr sjóðunum til að halda sér gangandi. Ríkið (ríkiseinokunarauðvaldið) setur lög um kaup inn í fimmáraáætlanirnar.

Þrjátíu tegundir ellilauna eru til og skammtað eftir tekjum sem fólk hafði áður. Aðeins hafi maður unnið 8 ár í framleiðslunni eða eigi maður 3 börn fást 100% sjúkrapeningar. Ungir sjúklingar eiga sem sagt ekki upp á pallborðið hjá fasistunum í Kreml. Þeir vilja að fólk hafi lagt af mörkum bróðurpart starfsorku sinnar til að hafa í sig og á í veikindum.

Stéttasamvinnustefnan lögbundin

Verkalýðsfélögin verða alltaf að veita samþykki sitt þegar verksmiðjustjórnir vilja koma á bónuskerfi. (Svipuð atriði eru í stefnuskrá ASÍ).

Jæja, heldur betur færðist líf í tuskurnar þegar fyrirspurnir voru leyfðar. Svörin voru aftur á móti ýmist óbein eða engin, farið úndan í flæmingi og talað um annanð.

Dæmi um spurningar: 1. Eru ólögleg verkalýðsfélög í Sovétríkjunum? 2. Hver er launamunur verksmiðjustjóra og lægstu laun verkamanns? 3. Er verkafólki í hergagnaiðnaði gert grein fyrir til hvers framleiðslan er notuð? 4. Tekur verkalýðshreyfingin þátt í áætlanagerð?

Svörin voru þessi, að sleppt um orðaflaumnum: 1. Ekki til ólögleg verkalýðsfélög. (Ég minnist fréttar í síðasta VBL. um hið gagnstæða). 2. "Ófaglærður um 70 rúblur, verksmiðjustjóri yfir 200 rúblur, skúringakona um 60 rúblur, en hún gæti náð sama kaupi og verksmiðjustjórinn með því að vinna á þrem stöðum." (Ætli sólarhringurinn sé lengri en 24 tímar hjá skúringakonum þarna einum sér?)

3. Það er leyndarmál, sem ekki er hægt að gera almenningi grein fyrir. (Sovéskur verkalýður fær ekki að vita að vopnin eru notuð til að brytja niður þjóðfrelsishreyfingar og alþýðu í 3. heiminum.)

4. "Ríkisáætlanir eru gerðar af sérfræðingum á ríkisáætlanarannsóknastofnuninni, en allt í lagi að koma með tillögur." (Alþýðan kemur sem sagt hvergi nálægt undirbúningi fimmáraáætlana).

Björn við borð Kremlverja

Semjenkó minntist þess undir lokin að Björn hefði setið síðasta "ASÍ-þing" Sovétríkjanna, og að fullur vinskapur og samskipti væru milli þessara tveggja ASÍa. Þetta sýnir glöggt hve íslenska stéttaasamvinnustefnan á sér mikinn læriföður í endurskoðunarstefnunni sovésku.

Fjöldinn lætur ei blekkjast er afhjúpanir eru annarsvegar: Fólk í salnum gerði ýmist óspart grín að svarafæð og málskrúði Semjenkós eða varð hneykslað og reitt.

Niður með sovésku heimsvaldastefnuna!

Gerum 21. ágúst að baráttudegi gegn henni!

Verkakona í Iðju

Hækkunum Pósts og síma mótmælt

Verkalýðsblaðið hefur tekið frumkvæði að undirskriftasöfnun meðal landshluta- og minni landsmálablaða til að mótmæla hækkun Pósts og síma á póstgjöldum fyrir blöð. Send var yfirlýsing til 26 blaða og þau beðin að skila undirritun sinni fyrir 27.feb. Vbl. mun skýra nánar frá niðurstöðum þessarar söfnunar undirskrifta í næsta tbl. Í yfirlýsingunni segir m.a. :

"Með því að hækka útsendingarkostnaðinn úr kr. 5,-pr.eintak í kr. 20,-pr.eintak, þe. um 15 kr. , er þeim blöðum sem verða að nota póstþjónustuna til dreifingar um landið, settar harkalegar fjárhagsbyrðar, eða þau neydd til að velta hækkuninni yfir á áskrifendur."

Síðustu fréttir:

Rétt áður en blaðið fór í vinnslu barust þær fréttir frá Alþýðumanninum,Akureyri, að ríkisstjornin væri a undanhaldi með hinar gifurlegu hækkanir póstburðargjalda minni blaða. Við höfðum samband við Halldór Kristjansson i Samgöngumalaráðuneytinu Tjáði hann okkur að gerð hefði verið breyting á reglugerð um póstburðargjöld,se sem kvæði a um að Post-og símamalastjorn væri heimilt að láta blöð og tímarit landshluta og malgögn landssamtaka og verkalýðsfélaga njota sama afsláttar og dagblöð (50% afsláttur af sérstöku lægra gjaldi (12 kr))

Enginn vafi er a því að þessi mikla lækkun er fyrst og fremst að þakka þrýstingi frá blöðunum uti a landi, sem sáu efnahag sinum og tilverugrundvelli stefnt i beinan voða með hinni svivirðilegu hækkun ur 5 í 20 kr. Su hækkun sem nu stendur eftir er 1kr. eða 20%,sem er hliðstæð hækkun við aðrar hækkanir Pósts og Sima.

Samfylking 1. maí

Þátttakendur í Samfylkingu '77 baráttuaðgerðum 1.maí í fyrra og fleiri baráttusinnar hafa hafið undirbúning áð starfi fyrir 1. maí í ár. Hefur stofnfundur Samfylkingar '78 verið ákveðinn miðvikudagskvöldið 15.mars í salnum að Freyjugötu 27, II. hæð, í Reykjavík.

Samfylking '78 mun í höfuðatriðum byggja á sama grundvelli og fyrirrennari hennar. Mesta áherslan er lögð á baráttu gegn auðvaldi og stéttasamvinnustefnu annars vegar, en heimsvaldastefnu hins vegar. Einnig er ætlunin að tengja starf Samfylkingarinnar við baráttustarf sem unnið hefur verið á síðasta og þessu ári, t.d. 21.ágúst-hreyfinguna, Baráttunefnd 1.des og 8.mars-hreyfinguna.

Meðal helstu krafna Samfylkingarinnar eru þessar:
1. Eining á grundvelli stéttabaráttu. 2.Gegn stéttasamvinnunni, endurreisum stéttarfélögin sem baráttutæki. 3. Gegn allri heimsvaldastefnu. 4. Kvennabaráttu á grundvelli stéttabaráttu. Þá verða kröfur gegn landsölustefnu auðvaldsins og gegn yfirgangs- og stríðsstefnu beggja risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna.

EIK(m-l) starfa að myndun Samfylkingarinnar í samvinnu við annað baráttufólk og hvetja lesendur Verkalýðsblaðsins til að koma til liðs við Samfylkinguna. Blaðið mun greina betur frá starfinu að undirbúningnum í næsta tbl.